

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 46. og 47. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1962 og 1963.

Það er orðin föst venja að halda þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf. í júnímánuði ár hvert. Í þeirri borg hefur stofnunin haft aðsetur frá upphafi, nema á styrjaldarárunum 1939—1945, en þá voru aðalstöðvar hennar í Montreal í Kanada.

Um nokkurt skeið hefur Íslands ekki átt fulltrúa á þessum þingum, en hverju aðildarríki ber að senda fjóra fulltrúa til þings hverju sinni og skal einn þeirra tilnefndur í samráði við samtök atvinnurekenda og annar í samráði við samtök verkamanna. Eru þessir tveir fulltrúar óháðir ákvörðunum sinna ríkisstjórna um afstöðu til einstakra mála á þinginu. Auk þessara fjögurra fulltrúa er hverju ríki heimilt að senda til þings takmarkaðan fjölda sérfræðinga og aðstoðarmanna.

Þegar þingið 1962 var háð voru aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar 102 en 1963 voru þau orðin 106. Fyrri þingið sóttu alls rúmlega 1000 manns en hið síðara tæplega 1100 manns.

Á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins eru jafnan þrjú fastir dagskrárliðir, en þeir eru:

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.
2. Fjárhagsmálefni.
3. Skýrslur um framkvæmd samþykktar og tillagna þingsins.
Auk þess voru á dagskrá þessara þinga eftirtalin mál:
4. Starfsþjálfun (síðari umræða 1962).
5. Jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga (síðari umræða 1962).
6. Bann við sölu, leigu og notkun véla með ófullnægjandi öryggisbúnaði (1962 og 1963).
7. Uppsögn af hálfu atvinnurekanda (1962 og 1963).
8. Breyting á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar varðandi fjölgun í stjórn stofnunarinnar (1962).
9. Stytting vinnutíma (1962).
10. Endurskoðun samþykktar nr. 82 um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum löndum (1962).
11. Heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum (1963).
12. Greiðslur vegna slysa á vinnustað (1963).

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Skýrsla framkvæmdastjóra skiptist í tvo hluta. Í öðrum hlutanum er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar, en hinn hlutinn fjallar um eitthvert ákveðið vandamál, sem ofarlega er á baugi hverju sinni.

Í skýrslu sinni árið 1962 tekur framkvæmdastjórinn fyrir vandamál aldraðs fólks í sambandi við vinnu og eftirlaun. Í upphafi skýrslunnar er gerð grein fyrir skiptingu fólks í aldursflokka og þróuninni á því sviði í hinum ýmsu hlutum heims. Sú þróun gengur hvarvetna í þá átt að tala fólks yfir sextugt hækkar hlutfallslega ört miðað við fjölgun í öðrum aldursflokkum og fólksfjölgun almennt.

Örust er þessi þróun í Bandaríkjunum, Evrópu og Ástralíu, en í Asíu og Afríku er hún mjög hægfara.

Þá er rætt um þau vandamál, sem eldra fólk á við að stríða í sambandi við vinnu, en rénað starfsþrek þess og vandkvæði þess á því, að aðlaga sig nýjum vinnuaðferðum og nýrri tækni leiðir til aukins atvinnuleysis aldraðs fólks. Telur framkvæmdastjórinn að nauðsyn sé á viðlækum ráðstöfunum til úrbóta á þessu sviði, en til þessa hafi of lítið verið sinnt sérstökum þörfum aldraðs fólks. Bendir hann á ýms atriði og leiðir, sem hugsanlegar séu í þessu sambandi til bættra atvinnunöguleika og bættra lífskjara þessa fólks.

Um 200 ræðumenn tóku til máls um skýrslu framkvæmdastjórans. Fjölluðu ræður þeirra hæði um efni skýrslunnar beinlínis og einnig um starfsemi Alþjóðavinnunálastofnunarinnar almennt og þróunina í hinum einstöku löndum.

Skýrslan, sem framkvæmdastjórinn lagði fyrir þingið 1963 fjallar um skipulag og framtíðarverkefni Alþjóðavinnunálastofnunarinnar með tilliti til þess, hvort hún sé fær um að fullnægja þeim kröfum, sem til hennar eru gerðar í nútíð og framtíð. Leggur hann til að Alþjóðavinnunálastofnan sé eins konar alþjóðleg miðstöð til að safna og vinna úr upplýsingum um þjóðfélagsleg vandamál, sem fram koma í sambandi við aukna sjálfvirkni. Þá ræðir í skýrslunni um ýmis atriði í sambandi við uppbyggingu stofnunarinnar og starfshætti og koma þar fram tillögur um ýmsar breytingar.

Umræður um skýrslu framkvæmdastjórans urðu að þessu sinni ekki eins miklar og venja er. Var það vegna átaka út af þingsetu fulltrúa Suður-Afríku. Sætti nærvera þeirra miklum mótmælum vegna stefnu stjórnar þess ríkis í kynþáttamálum. Tafðist þinghald nokkuð af þessum sökum og gengu síðar fulltrúar annarra Afríkuríkja af þingi í mótmælaskyni og sátu ekki síðari hluta þings.

2. Fjárhagsmálefni.

Á hverju þingi fjallar sérstök nefnd um fjármál stofnunarinnar. Er hún skipuð einum fulltrúa frá hverri ríkisstjórn. Í fjárhagsáætlun þeirri, sem samþykkt var fyrir árið 1963 voru útgjöld stofnunarinnar áætluð rúml. 14.5 millj. dollara en fyrir árið 1964 voru þau áætluð tæpar 17 millj. dollara.

Árgjald Íslands til stofnunarinnar var 16 808.00 dollarar árið 1963, en 19 667.00 dollarar árið 1964.

3. Skýrslur um framkvæmd samþykktar og tillagna.

Á hverju þingi starfar sérstök nefnd að því, að rannsaka skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á fyrri samþykktum Alþjóðavinnunálastofningsins. Mál þetta er undirbúið áður af sérstakri nefnd sérfræðinga, enda er hér um umfangsmikið verkefni að ræða þar sem samþykktir þingsins voru orðnar 118 árið 1962 og þegar þingið 1963 hófst var tala fullgildinga á þeim orðin 2800.

4. Starfsþjálfun.

Mál þetta var til fyrri umræðu á þinginu 1961 og var þá gengið frá uppkasti að tillögu um málið, og var ákveðið að taka það aftur fyrir á næsta þingi til endanlegrar afgreiðslu. Á þinginu 1962 voru gerðar nokkrar minni háttar breytingar á fyrri uppkasti og var það síðan afgreitt einróma sem tillaga til ríkisstjórna.

Kemur þessi tillaga í stað þriggja eldri tillagna, en þær voru um starfsþjálfun, frá 1939, um iðnnám frá sama ári og um starfsþjálfun fullorðinna frá 1950.

Tillaga þessi er prentuð hér með sem fylgiskjal V.

5. Jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga.

Á þinginu 1961 hafði farið fram fyrri umræða um þetta mál og var gengið frá uppkasti að samþykkt og tillögu um það. Var málið svo tekið til annarrar umræðu 1962. Voru þá gerðar nokkrar breytingar á samþykktaruppkastinu og það síðan endanlega samþykkt með 259 atkvæðum gegn einu, 50 sátu hjá. Hins vegar hlaut tillöguuppkastið ekki nægilegt fylgi til þess að það yrði samþykkt.

Samþykktin fjallar um sjúkrá hjálp, sjúkradagpeninga, mæðrastyrki, örorkulífeyri, ellilífeyri, eftirlifendabætur, slysabætur, atvinnuleysisbætur og fjölskyldubætur. Getur hvert aðildarríki takmarkað fullgildingu sína við eina eða fleiri þessara greina trygginganna. Ríki, sem fullgildir samþykktina, skuldbindur sig með því til þess að veita þegnum annarra ríkja, sem einnig hafa fullgilt hana, jafnrétti við sína eigin borgara í þeim greinum trygginganna, sem fullgilding tekur til. Þetta jafnrétti má þó í vissum tilfellum binda skilyrði um tiltekinn búsetutíma í dvalarlandinu.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal II.

6. Bann við sölu, leigu og notkun véla með ófullnægjandi öryggisbúnaði.

Mál þetta var til umræðu á þingunum 1962 og 1963. Á síðara þinginu var það afgreitt með samþykkt og tillögu, sem báðar voru afgreiddar með samhljóða atkvæðum.

Samþykktin tekur til véla í öllum atvinnugreinum, nema ríki, sem fullgildir hana, geri með sérstakri yfirlýsingu takmarkanir á gildissviði hennar. Þó er það lágmarkskrafa að samþykktin taki til starfsgreina þar sem hlutaðeigandi stjórnvald úrskurðar að vélar séu mikið notaðar. Við slíkan úrskurð skal hafa samráð við vinnueftirlitið og samtök atvinnurekenda og verkamanna.

Í tillögunni eru gerðar nokkru strangari kröfur en greinir í samþykktinni.

Samþykktin og tillagan eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl III. og VI.

7. Uppsögn af hálfu atvinnurekanda.

Stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar ákvað á fundi sínum í nóvember 1960 að taka þetta mál á dagskrá þingsins og var það rætt á þingunum 1962 og 1963. Ríkti mikill áhugi fyrir málinu á báðum þessum þingum. Var það á síðara þinginu afgreitt sem tillaga til ríkisstjórna með 196 atkvæðum gegn 14 en 10 sátu hjá.

Tillaga þessi miðar að því að koma í veg fyrir það, að mönnum sé sagt upp vinnu án fullgilds tilefnis og að gera þeim auðveldara að fá vinnu á ný. Þar eru því ákvæði um uppsafnarfrést eða bætur ef maður er látinn fara úr vinnu án tilskilins uppsagnarfrests. Bannað skyldi að segja manni upp vinnu vegna aðildar hans að verkalýðsfélagi eða starfs hans sem trúnaðarmanns á vegum þess. Þá eru ákvæði þess efnis að greiða fyrir því að maður, sem hefur orðið að fara úr starfi, geti fengið annað starf sem fyrst, og um bætur til hans meðan hann er atvinnulaus. Tillagan er prentuð hér með sem fylgiskjal VII.

8. Breyting á stjórnarskrá Alþjóðavinnuáskrifstofunnar.

Á þinginu 1962 var lögð fram tillaga um breytingu á stjórnarskrá stofnunarinnar þess efnis að fjölgað sé í stjórn hennar úr 40 í 48. Var þessi fjölgun talin nauðsyn vegna hinna mörgu nýju ríkja, sem hafa gerzt aðilar að stofnuninni hin

síðari ár. Var þessi tillaga samþykkt með 309 atkvæðum samhljóða, einn sat hjá. Í stjórninni eiga því sæti 24 fulltrúar ríkisstjórna, 12 atvinnurekendafulltrúar og 12 verkamannafulltrúar.

9. Stytting vinnutíma.

Mál þetta var til umræðu á þingunum 1960 og 1961, en hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu. Það var því tekið upp á ný á þinginu 1962 og var þá afgreitt í tillöguformi með 255 atkvæðum gegn 22, 48 sátu hjá.

Í tillögu þessari er lagt til við aðildarríkin að þau vinni að því að stytta vinnutíma stig af stigi án þess að kaup lækki, en markmið stofnunarinnar í þessu efni er 40 stunda vinnuvika samkvæmt samþykkt Alþjóðavinnumálaþingsins frá 1935. Í tillögunni segir að þar sem vinnuvika er lengri en 48 stundir, ætti þegar í stað að færa hana niður í það mark. Síðan skyldi stytting vinnuvikunnar framkvæmd smám saman eftir möguleikum og aðstæðum í hverju landi. Þá eru í tillögunni ákvæði um undanþágur frá þessari reglu, svo og um framkvæmd hennar og eftirlit með henni.

Tillaga þessi er prentuð hér með sem fylgiskjal IV.

10. Endurskoðun samþykktar nr. 82 um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum löndum.

Endurskoðun þessarar samþykktar var gerð til þess að hin nýstofnuðu ríki í Afríku fengju kost á því að taka sjálf afstöðu til þeirra mála, sem hún fjallar um, en þau höfðu áður verið í höndum þeirra ríkja, sem yfir þeim réðu.

Hin breytta samþykkt var afgreidd með 294 samhljóða atkvæðum, einn sat hjá. Samþykktin er prentuð hér með með fylgiskjal I.

11. Heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum.

Undirbúningsumræður fóru fram um þetta mál á þinginu 1963 og var gengið frá uppkasti að samþykkt og tillögu um það. Jafnframt var samþykkt að síðari umræða færi fram á þinginu 1964.

12. Greiðslur vegna slysa við vinnu.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1963 og var þar gengið frá drögum að samþykkt og tillögu um það. Jafnframt var ákveðið að taka það fyrir til endanlegrar afgreiðslu á næsta þingi 1964.

Fylgiskjal I.

Samþykkt (nr. 117) um grundvallarmarkmið og reglur í félagsmálum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 46. þings í Genf hinn 6. júní 1962 samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumála- skrifstofunnar

hefur samþykkt ákveðnar tillögur um endurskoðun á Samþykkt um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum löndum sérstaklega í því skyni að gera ósjálfstæðum löndum, kleift að framkvæma hana og fullgilda framvegis, en þetta var 10. mál á dagskrá þingsins;

- álítur að þessar tillögur verði að gera í formi alþjóðasamþykktar;
- álítur að efnahagsleg þróun verði að vera grundvöllur félagslegra framfara;
- álítur að allt verði að gera á fjölþjóðlegum vettvangi og meðal einstakra þjóða til þess að tryggja fjárhagslega og tæknilega aðstoð til verndar hagsmunum almennings;
- álítur að á vettvangi einstakra eða fleiri þjóða ætti að gera ráðstafanir til þess að skapa þau skilyrði fyrir viðskipti, sem efla mundu stórvirka framleiðslu og gera það mögulegt að halda uppi góðum lífskjörum;
- álítur að allt, sem mögulegt er, ætti að gera með viðeigandi ráðstöfunum, er taki til einnar eða fleiri þjóða, til eflingar framföllum í málefnum eins og heilbrigðismálum, húsnæðismálum, mannelðismálum, menntamálum, barnavernd, réttarstöðu kvenna, vinnuskilyrðum, greiðslum til kaupþega og sjálfstæðra framleiðenda, verndar farandverkamanna, félagslegu öryggi, þjónustu hins opinbera og framleiðslu almennt;
- álítur að eftir því, sem framast er unnt, ætti að leitast við að vekja áhuga almennings fyrir mótun og framkvæmd ráðstafana til framfara í félagsmálum;
- og því gerir þingið í dag hinn 22. júní 1962, eftirfarandi samþykkt, sem nefnist: Samþykkt um stefnu í félagsmálum 1962:

I. KAFLI

Almennar meginreglur.

1. gr.

- Allar áætlanir skulu fyrst og fremst miða að velferð og þroska landsmanna og uppfyllingu óska þeirra um félagslegar framfarir.
- Allar áætlanir almennara eðlis skulu gerðar með fullu tilliti til áhrifa þeirra á velferð landsmanna.

II. KAFLI

Bætt lífskjör.

2. gr.

Bætt lífskjör skulu vera höfuðmarkmið áætlana um efnahagslega þróun.

3. gr.

- Við gerð áætlana um efnahagslega þróun skulu, eftir því sem framast er unnt, gerðar ráðstafanir til þess að samræma slíka þróun heilbrigðri þróun hlutaðeigandi samfélags.
- Sérstaklega skal leitast við að komast hjá upplausn fjölskyldna og hefðbundinna félagsheilda, einkum með því að:
 - rannsaka gaumgæfilega orsakir og afleiðingar mannflutninga og að beita viðeigandi ráðstöfunum þar sem þörf gerist;
 - auka skipulagningu bæja og þorpa á landsvæðum þar sem efnahagslegar þarfir leiða til myndunar þéttbýlis;
 - koma í veg fyrir offjölgun fólks í þéttbýli;
 - bæta lífskjörin í sveitum og koma á fót viðeigandi atvinnurekstri í sveitum þar sem vinnuafli er fyrir hendi.

4. gr.

Ráðstafanir þær, sem hlutaðeigandi stjórnarvöldum ber að hafa í huga til þess að auka framleiðslugetuna og bæta lífskjör framleiðenda landbúnaðarvára, skulu fela í sér:

- a. eyðingu orsakanna til langvarandi skuldaskipta;
- b. eftirlit með framsali ræktaðs eða ræktanlegs lands til manna, sem ekki stunda landbúnað til þess að tryggja það, að slíkt framsal eigi sér einungis stað þegar það samrýmist bezt hagsmunum landsins;
- c. að með beitingu viðeigandi laga og reglugerða sé haft eftirlit með eignarétti og notkun á landi og auðlindum þess til þess að tryggja að það sé notað í fullu samræmi við hefðbundin réttindi til sem mestra hagsbóta fyrir landsmenn;
- d. eftirlit með leigumálum og vinnuskilyrðum til þess að tryggja leiguliðum og verkamönnum sem allra bezt lífskjör og sanngjarnan hluta í þeim hagsbótum, sem leiða kann af aukinni framleiðni eða bættu verðlagi;
- e. lækun á framleiðslu- og dreifingarkostnaði, eftir því sem framast er unnt og sér í lagi með stofnun og eflingu samvinnufélaga framleiðenda og neytenda og aðstoð við þau.

5. gr.

1. Gera skal ráðstafanir til þess að veita sjálfstæðum framleiðendum og launþegum skilyrði til þess að bæta lífskjör sín af sjálsdáðum og tryggja þeim lágmarkslífskjör, sem ákveðin eru á grundvelli opinberra rannsókna á lífskjörunum, sem framkvæmdar eru í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna.
2. Við ákvörðun lágmarkslífskjara skal meta frumnauðsynjar verkamannafjölskyldu svo sem fæði og næringargildi þess, húsnæði, klæðnað, læknishjálp og menntun.

III. KAFLI.

Ákvæði um farandverkamenn.

6. gr.

Þegar þannig hagar til að verkamenn verða að dvelja fjarri heimilum sínum vegna vinnu sinnar, skal við ákvörðun kjara þeirra, taka tillit til eðlilegra fjölskylduþarfa þeirra.

7. gr.

Þegar vinnuafli á einu svæði er um tíma notað í þágu annars svæðis, skal stuðla að því að hluti af kaupum og sparifé yfirfærast frá vinnusvæðinu til þess svæðis, sem vinnuaflið kom frá.

8. gr.

1. Þegar vinnuafli einhvers lands er notað á landsvæði, sem lýtur annarri stjórn, skulu stjórnarvöld hlutaðeigandi ríkja — ef það er nauðsynlegt eða æskilegt — semja með sér um skipan þeirra sameiginlegu vandamála, sem koma upp í sambandi við framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar.
2. Í slíkum samningum skal svo kveðið á að verkamenn skuli njóta verndar og hlunninda, er eigi séu lakari en þeir verkamenn njóta, sem búsettir eru í landinu, þar sem unnið er.
3. Í slíkum samningum skal kveða á um fyrirgreiðslu til handa verkamönnum um yfirfærslu hluta af kaupum og sparifé heim til þeirra.

9. gr.

Þegar verkamenn og fjölskyldur þeirra flytja frá landsvæði, þar sem framfærslukostnaður er lítill, til landssvæðis þar sem hann er hærri, skal taka tillit til hins aukna framfærslukostnaðar, sem leiðir af flutningunum.

IV. KAFLI.

Kaup verkamanna og skyld mál.

10. gr.

1. Stuðla skal að því að lágmarkslaun sé ákveðin með heildarsamningum, er gerðir séu með frjálsum viðræðum milli stéttarfélaga, er fara með umboð hlutaðeigandi verkamanna annars vegar og atvinnurekenda eða félagssamtaka þeirra hins vegar.
2. Þegar ekki eru fyrir hendi aðstæður til þess að ákvarða lágmarkslaun með heildarsamningum, skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að unnt sé að ákveða þau í samráði við fulltrúa atvinnurekendanna og verkamannanna, þar með taldir fulltrúar félagssamtaka beggja aðila, ef þau eru til.
3. Nauðsynlegar ráðstafanir skulu gerðar til þess að hlutaðeigandi atvinnurekendum og verkamönnum sé tilkynnt um lágmarkskauptaxta, sem í gildi eru, og að ekki sé greitt lægra kaup, þar sem þeir taxtar gilda.
4. Nú er verkamanni, sem lágmarkskauptaxti tekur til, greitt lægra kaup en taxtinn segir til um, eftir að hann gekk í gildi, og skal honum þá rétt með lög-sókn eða á annan hátt, sem lög leyfa, að fá mismuninn greiddan, enda geri hann ráðstafanir til þess innan ákveðins frests, sem tiltekinn kann að vera í lögum eða reglugerð.

11. gr.

1. Nauðsynlegar ráðstafanir skulu gerðar til þess að tryggja skilvísa greiðslu kaups og skal atvinnurekendum skylt að halda skrá yfir kaupgreiðslur, gefa verkamönnum vottorð um kaupgreiðslur og gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til þess að auðvelda nauðsynlegt eftirlit.
2. Kaup skal yfirleitt greitt einungis í löglegum gjaldmiðli.
3. Kaup skal yfirleitt greitt beint til hvers einstaks verkamanns.
4. Lagt skal bann við því að láta vinanda eða aðra áfenga drykki að öllu eða einhverju leyti í stað kaups, sem verkamaður hefur unnið fyrir.
5. Greiðsla kaups skal ekki fara fram í veitingahúsum eða verzlunum, nema til verkamanna, sem þar vinna.
6. Kaup skal greitt regluega á vissum fresti, sem skal ákveðinn með það fyrir augum að draga úr líkunum fyrir því að kaupþegar stofni til skulda, enda sé ekki viðtekin venja í landinu um aðra skipan og hlutaðeigandi stjórnarvald hefur sannreynt að verkamennirnir vilja viðhalda þeirri venju.
7. Þegar kaup er greitt að einhverju leyti með fæði, húsnæði, fatnaði og öðrum nauðsynjum eða þjónustu, skal þar til bært stjórnarvald gera það sem unnt er til þess að tryggja það, að slíkar greiðslur séu góðar og gildar og rétt metnar til peninga.
8. Eftir því sem framast er unnt skal sjá til þess að:
 - a. verkamönnum sé gerður kunnur réttur þeirra til kaups;
 - b. komið sé í veg fyrir óleyfilegan frádrátt á kaup; og
 - c. að takmarka fjárhæðir þær, sem dregnar eru frá kaupum vegna greiðslu í vörum eða þjónustu, við raunverulegt verðgildi slíkra greiðslna.

12. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnarvald skal kveða á um hámark og endurgreiðslu fyrirframgreidds kaups.
2. Hlutaðeigandi stjórnarvald skal takmarka fyrirframgreiðslu, sem greiða má verkamanni, sem hefur í hyggju að hefja vinnu. Skýra skal greinilega fyrir verkamönnum hvert er leyfilegt hámark fyrirframgreiðslu.
3. Sérhver fyrirframgreiðsla umfram það hámark, sem hlutaðeigandi stjórnar-

vald hefur ákveðið, skal vera óendurkræf að lögum, og er ekki hægt að endurheimta slíka umframgreiðslu með því að halda eftir af kaupum, sem verkamaðurinn á rétt á síðar.

13. gr.

1. Hvetja skal kaupþega og sjálfstæða framleiðendur til sjálfviljugs sparnaðar.
2. Allt, sem unnt er, skal gert til þess að vernda kaupþega og sjálfstæða framleiðendur fyrir okri, sér í lagi með ráðstöfunum, sem miða að lækkun vaxta af lánum, eftirliti með starfsemi peningalánara og með því að greiða fyrir því að menn geti fengið lánaða peninga í viðeigandi tilgangi hjá samvinnulánastofnunum eða stofnunum, sem eru undir eftirliti hlutaðeigandi stjórnarvalda.

V. KAFLI

Jafnrétti án tillits til kynþáttar, hörundslitar, kynferðis, trúarbragða, ættflokka eða aðildar að stéttarfélögum.

14. gr.

1. Það skal vera stefnumál að afmá alla mismunun meðal verkamanna vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, ættflokka eða aðildar að stéttarfélögum, að því er varðar:
 - a. vinnulöggjöf og samninga, sem skulu veita öllum þeim, er löglega búa eða vinna í landinu, réttlæti í efnahagslegu tilliti;
 - b. aðgang að vinnu hjá hinu opinbera og einstaklingum;
 - c. skilyrði til ráðningar og frama í starfi;
 - d. tækifæri til starfsþjálfunar;
 - e. vinnuskilyrði;
 - f. ráðstafanir vegna heilbrigði, öryggis og velferðar;
 - g. vinnuaga;
 - h. þátttöku í samningagerðum;
 - i. kaup-taxta, sem ákveðnir skulu í samræmi við grundvallarregluna um sömu laun fyrir sömu vinnu í sama fyrirtæki eða starfsemi.
2. Öllum tiltækum ráðum skal beitt til þess að minnka þann mun á kaupsöxtum, sem byggist á mismunun vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, ættflokka eða aðildar að stéttarfélögum. Skal það gert með því að hækka kaup-taxta hinna lægra launuðu.
3. Verkamönnum, sem ráðnir eru til vinnu utan heimalands síns, má, auk kaups, greiða bætur í peningum eða öðru til þess að mæta útgjöldum vegna þeirra sjálfra eða fjölskyldna þeirra, sem leiðir af vinnu þeirra fjarri heimilum sínum.
4. Framanskráð ákvæði þessarar greinar skulu ekki skerða þær ráðstafanir, sem hlutaðeigandi stjórnarvald kann að telja nauðsynlegt eða æskilegt að gera, vegna mæðraverndar og til þess að tryggja heilbrigði, öryggi og velferð verkakvenna.

VI KAFLI

Menntun og þjálfun.

15. gr.

1. Eftir því sem aðstæður framast leyfa, skulu sett viðeigandi ákvæði um þróun viðtækra kerfa fyrir menntun, starfsþjálfun og iðnnám til þess að búa börn og unglinga af háðum kynjum undir nýtsöm störf.
2. Með lögum eða reglugerðum skal kveða á um skólaskyldu, lágmarksaldur í vinnu og vinnukjör.
3. Til þess að börnin geti hagnýtt sér möguleika til náms og til þess að aukning þessara möguleika sé ekki hindruð af eftirspurn eftir börnum í vinnu, skal

banna vinnu barna á skólaskyldualdri á skólatíma á landsvæðum þar sem séð er fyrir námsmöguleikum, er hæfa meiri hluta barna á skólaskyldualdri.

16. gr.

1. Til þess að tryggja mikla framleiðni með þróun faglærðs vinnuafis, skal sjá fyrir þjálfun í nýrri framleiðslutækni þar sem það á við.
2. Slík þjálfun skal skipulögð af hlutaðeigandi stjórnarvöldum eða undir umsjá þeirra í samráði við samtök atvinnurekenda og verkamanna bæði í landinu, sem nemarnir koma frá, og landinu þar sem þjálfun fer fram.

VII. KAFLI

Lokaákvæði.

17. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skráningar.

18. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, sem hafa látið framkvæmdastjóran skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verað skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

19. gr.

Gildistaka þessarar samþykktar skal hvorki hafa í för með sér ipso jure uppsögn samþykkarinnar um félagsmálapólitik í ósjálfstæðum löndum 1947, þar sem hún er í gildi, né útiloka síðari fullgildingar á henni.

20. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

21. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar skráningu allra fullgilinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

22. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skráningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóð-

anna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

23. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

24. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
 - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 20. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerðist;
 - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

25. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt (nr. 118) um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem kom saman til 46. þings í Genf hinn 6. júní 1962 samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar hefur samþykkt ákveðnar tillögur um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga, en þetta var 5. mál á dagskrá þingsins og þar sem þingið hefur ákveðið að tillögur þessar skuli vera í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag, hinn 28. júní 1962 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um jafnrétti (almannatryggingar) 1962:

1. gr.

Í þessari samþykkt hafa eftirtalin orð þær merkingar, sem hér greinir:

- a. Orðið „löggjöf“ tekur til hvers konar reglna um almannatryggingar auk laga og reglugerða.
- b. Orðið „styrkir“ tekur til hvers konar styrkja og lífeyris ásamt viðbótum og hækkunum.
- c. Orðin „styrkir veittir samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða“ merkja annað hvort styrki, sem veittir eru fólki, sem náð hefur tilteknum aldri þegar viðkomandi löggjöf gekk í gildi, eða styrki, sem veittir eru sem bráðabirgðaráðstöfun á grundvelli atvika, sem skeð hafa eða réttindavinnslutíma, sem menn hafa áunnið sér utan núverandi landamæra aðildarríkis.
- d. Orðið „dánarbætur“ merkir sérhverja eingreiðslu, sem greidd er vegna dauða.
- e. Orðið „aðsetur“ merkir venjulegt aðsetur.
- f. Orðið „ákveðið“ merkir ákveðið í eða samkvæmt löggjöf eins og hún er skilgreind í staflið a. hér að framan.
- g. Orðið „flóttamaður“ hefur þá merkingu, sem því er gefin í 1. gr. samþykktarinnar um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951.

- h. Orðin „ríkisfangslaus maður“ hafa þá merkingu, sem þeim er gefin í 1. gr. samþykktarinnar um stöðu ríkisfangslausra manna frá 28. september 1954.

2. gr.

Sérhvert aðildarríki getur undirgengizt skuldbindingar þessarar samþykktar að því er tekur til einnar eða fleiri eftirtalinnna greina almannatrygginga, um hverjar það hefur í framkvæmd löggjöf, sem tekur til þegna þess í landi þess:

- a. læknishjálp;
- b. sjúkrastyrkir;
- c. fæðingarstyrkir;
- d. örorkustyrkir;
- e. ellistyrkir;
- f. styrkir til eftirlifenda;
- g. styrkir vegna atvinnuslysa;
- h. atvinnuleysisstyrkir;
- i. fjölskyldustyrkir.

2. Sérhvert aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, skal hlíta ákvæðum hennar um þá eða þær greinar trygginganna, sem það hefur undirgengizt að fullnægja.
3. Sérhvert aðildarríki skal í fullgildingarskjali sínu tiltaka þá eða þær greinar trygginganna, varðandi hverjar það undirgengst ákvæði samþykktarinnar.
4. Sérhvert aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, getur síðar tilkynnt framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar að það undirgangist skyldur samkvæmt samþykktinni að því er tekur til einnar eða fleiri greina trygginganna, sem það hefur ekki þegar tiltekið í fullgildingarskjali sínu.
5. Tilkynningar samkvæmt 4. tölulið þessarar greinar skulu taldar óskiptur hluti fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún frá þeim degi, er hún var gerð.
6. Með tilliti til framkvæmdar þessarar samþykktar skal hvert það aðildarríki, sem undirgengst ákvæði hennar að því er tekur til einhverrar greinar trygginganna og hefur í gildi löggjöf, sem mælir fyrir um styrki, sem um getur í stafliðum a. eða b. hér á eftir, senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar yfirlýsingu, er greini styrki þá, sem kveðið er á um í löggjöf þess og það telur vera:
 - a. aðra styrki en þá, sem greiddir eru á grundvelli fjárframlaga frá hinum tryggðu eða vinnuveitendum þeirra, eða byggjast á starfsaldri; eða
 - b. styrki veitta sem bráðabirgðaráðstöfun.
7. Yfirlýsing sú, er um getur í 6. tölulið þessarar greinar skal gerð um leið og fullgilding fer fram, eða um leið og tilkynning samkvæmt 4. tölulið þessarar greinar er send. Að því er varðar löggjöf, sem sett er síðar, skal yfirlýsing send innan þriggja mánaða frá gildistökudegi slíkrar löggjafar.

3. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, skal innan lands síns veita borgurum annarra aðildarríkja, sem samþykktin tekur til, jafnrétti samkvæmt lögum við sína eigin borgara, bæði að því er snertir viðtæki trygginganna og rétt til styrkja, í þeim greinum, sem það hefur undirgengizt ákvæði samþykktarinnar um.
2. Þegar um er að ræða eftirlifendabætur, skal slíkt jafnrétti veitt eftirlifendum borgara aðildarríkis, sem samþykktin tekur til, án tillits til þjóðernis eftirlifendanna.
3. Ákvæðin í 1. og 2. tölulið þessarar greinar skylda ekki aðildarríki til þess að beita ákvæðum þessarar greinar um styrki í ákveðinni grein almannatrygginga gagnvart borgurum annars aðildarríkis, sem hefur löggjöf um þá grein trygginganna, en veitir borgurum fyrrnefnda ríkisins ekki jafnrétti á því sviði.

4. gr.

1. Jafnrétti til styrkveitinga skal veitt án nokkurra skilyrða um búsetu, þó þannig að jafnrétti með tilliti til styrkja samkvæmt tiltekinni grein almannatrygginga má binda skilyrði um búsetu, þegar um er að ræða borgara aðildarríkis, sem samkvæmt lögum gerir búsetu í landinu að skilyrði fyrir slíkum styrkjum.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. töluliðs þessarar greinar má binda veitingu styrkja þeirra, sem nefndir eru í lið 6. a. í 2. gr. — aðra en læknishjálp, sjúkrastyrki, styrki vegna atvinnuslysa og fjölskyldustyrki — skilyrði um það, að styrkþegi hafi búið í landi aðildarríkis, samkvæmt hvers lögum styrkurinn er veittur, eða þegar um er að ræða eftirlifanda, að hinn látni hafi búið þar ákveðinn tíma, sem ekki sé lengri en:
 - a. sex síðustu mánuðirnir áður en sótt er um fæðingarstyrk eða atvinnuleysisstyrk;
 - b. fimm síðustu árin áður en sótt er um örorkustyrk eða áður en dauða bar að höndum þegar um eftirlifendastyrk er að ræða;
 - c. tíu ár eftir 18 ára aldur, þar með talin fimm síðustu árin áður en sótt er um ellistyrk.
3. Sérstakar reglur má setja um styrki veitta á millibilsstigi.
4. Reglur, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að koma í veg fyrir að fleiri tegundir styrkja séu greiddar samtímis, skulu settar með sérstökum samningum milli hlutaðeigandi aðildarríkja eftir því sem þörf krefur.

5. gr.

1. Til viðbótar ákvæðunum í 4. gr. skal hvert það aðildarríki, sem hefur undirgengizt skyldur samkvæmt þessari samþykkt, að því er tekur til viðkomandi greina trygginganna, tryggja bæði sínum eigin borgurum og borgurum annarra ríkja, sem hafa undirgengizt skyldur samkvæmt samþykktinni varðandi þá eða þær greinar, sem um er að ræða, veitingu örorkustyrkja, ellistyrkja, eftirlifendastyrkja og dánarbóta og lifeyri vegna atvinnuslysa, þegar þeir dvelja erlendis, enda séu gerðar ráðstafanir í þessu skyni í samræmi við 8. gr.
2. Þegar um er að ræða búsetu erlendis má binda greiðslu örorkustyrkja, ellistyrkja og eftirlifendastyrkja þeirrar tegundar, er um getur í 6. tölulið a. í 2. gr., því skilyrði að hlutaðeigandi aðildarríki séu þátttakendur í ráðstöfunum til viðhalds réttindum, sem um ræðir í 7. gr.
3. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til styrkja, sem greiddir eru á millibilsstigi.

6. gr.

Til viðbótar ákvæðunum í 4. gr. skal sérhvert aðildarríki, sem hefur undirgengizt skuldbindingar samþykktarinnar um fjölskyldustyrki, tryggja fjölskyldubætur bæði til handa þegnum sínum og þegnum hvers þess aðildarríkis, sem hefur undirgengizt skuldbindingar samþykktarinnar um þá grein trygginganna, vegna barna, sem dvelja í landi hvers slíkt aðildarríkis.

7. gr.

1. Aðildarríki, sem þessi samþykkt tekur til, skulu, með þeim skilyrðum, sem hlutaðeigandi aðildarríki hafa orðið ásátt um í samræmi við 8. gr., leitast við að taka þátt í áformum um viðhald áunninna réttinda og réttinda, sem verið er að ávinna samkvæmt löggjöf þeirra fyrir þegna aðildarríkja, sem þessi samþykkt tekur til, að því er varðar allar þær greinar almannatrygginga, sem hlutaðeigandi aðildarríki hafa undirgengizt að hlíta ákvæðum samþykktarinnar um.
2. Í slíkum áætlunum skal sérstaklega kveðið á um samlagningu tímabila trygginga, starfs eða búsetu og samsvarandi tímabila varðandi öflun, viðhald eða endurheimt réttinda og útreikning styrkja.

3. Útgjöld vegna örorku-, elli- og eftirlifendastyrkja, sem þannig eru ákveðnir, skulu annað hvort skiptast milli hlutaðeigandi aðildarríkja eða greiddast af því aðildarríki í hvers landi styrkþeginn býr, eftir því sem um semst milli hlutaðeigandi aðildarríkja.

8. gr.

Aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, geta fullnægt skyldum sínum samkvæmt ákvæðum 5. og 7. gr. með því að fullgilda samþykkt frá 1935 um viðhald lífeyrisréttinda fólks sem flytur á milli landa, með því að beita ákvæðum þeirrar samþykktar samkvæmt gagnkvæmum samningi eða með samningum tveggja eða fleiri aðila, sem gefa þessum skuldbindingum gildi.

9. gr.

Með samningum milli aðildarríkja má vika frá ákvæðum þessarar samþykktar. Slíkir samningar hafa ekki áhrif á réttindi og skyldur annarra aðildarríkja og skulu þeir hafa að geyma ákvæði um viðhald réttinda, sem verið er að ávinna og áunninna réttinda með skilyrðum, sem eru í heild a. m. k. jafn hagstæð og þau sem samþykktin ákveður.

10. gr.

1. Ákvæði þessarar samþykktar taka til flóttamanna og ríkisfangslausra án nokkurra skilyrða um gagnkvæmi.
2. Þessi samþykkt tekur ekki til sérstakra reglna um opinbera starfsmenn, fórnarlömb styrjalda eða um opinbera framfærslu.
3. Þessi samþykkt skuldbindur ekki aðildarríki til þess að beita ákvæðum hennar um menn, sem í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga eru undanskildir tryggingalöggjöf þess.

11. gr.

Aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, skulu veita hvert öðru ókeypiss aðstoð stjórnarvalda til þess að auðvelda framkvæmd samþykktarinnar og framkvæmd laga um félagslegt öryggi.

12. gr.

1. Þessi samþykkt tekur ekki til styrkja, sem gjaldfallnir voru fyrir gildistöku samþykktarinnar fyrir hlutaðeigandi aðildarríki, að því er tekur til þeirrar greinar trygginganna, sem styrkurinn heyrir undir.
2. Með samningum milli tveggja eða fleiri ríkja skal ákveða að hve miklu leyti samþykktin skuli taka til styrkja vegna atvika, sem gerzt hafa áður en hún tók gildi hjá hlutaðeigandi aðildarríki að því er tekur til þeirrar greinar trygginganna, samkvæmt hverri styrkurinn greiðist. Séu slíkir samningar ekki fyrir hendi, skal þetta ákveðið með lögum hlutaðeigandi ríkis.

13. gr.

Þessi samþykkt skal ekki talin breyta neinni gildandi samþykkt.

14.—21. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 17., 18. og 20.—25. gr. samþykktar nr. 117 (Fskj. I.).

Fylgiskjal III.

Samþykkt (nr. 119) um öryggisbúnað véla.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, saman komið til 47. þingsetu sinnar í Genf hinn 5. júní 1963, samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um bann við sölu, leigu og notkun véla, sem eigi hafa nægilegan öryggisbúnað, en tillögur þessar voru 4. mál á

dagskrá þingsins, og þar eð þingið hefur ákveðið að tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, hinn 25. júní 1963, eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um öryggisbúnað véla, 1963:

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Hvers konar aflknúnar vélar, nýjar eða notaðar, og eigi eru handknúnar, skulu teljast vélar að því er tekur til tilgangs og túlkunar þessarar samþykktar.
2. Hlutaðeigandi stjórnvöld í hverju ríki um sig skulu úrskurða það hvort og að hve miklu leyti nýjar eða notaðar vélar, sem knúðar eru handafli, hafi í för með sér slyshættu fyrir starfsmanninn, og skuli því teljast vélar í merkingu þessarar samþykktar. Slíka úrskurði skal kveða upp að höfðu samráði við aðal-samtök þeirra vinnuveitenda og vinnuþega, sem hlut eiga að máli. Hvort þessara samtaka sem er, getur átt frumkvæði að slíkum viðræðum.
3. Ákvæði þessarar samþykktar taka til:
 - (a) ökutækja á vegum eða járnbrautum meðan á akstri stendur, einungis að því er lýtur að öryggi stjórnanda eða stjórnenda þeirra;
 - (b) hreyfanlegra landbúnaðarvéla, einungis að því er varðar öryggi þeirra starfsmanna, sem við slíkar vélar vinna.

II. KAFLI.

Sala, leiga, hvers konar önnur afhending og sýning.

2. gr.

1. Með lögum, reglugerðum eða öðrum jafn raunhæfum aðgerðum skal banna eða koma í veg fyrir sölu og leigu véla, ef þeir hlutar þeirra, sem hætta stafar af og tilgreindir eru í 3. og 4. tölulið þessarar greinar, eru ekki með hæfilegum öryggisbúnaði.
2. Sérhver önnur afhending og sýning véla, ef þeir hlutar þeirra, sem hætta stafar af og tilgreindir eru í 3. og 4. tölulið þessarar greinar, eru ekki með hæfilegum öryggisbúnaði, skal bönnuð, annaðhvort með lögum eða reglugerðum, eða komið í veg fyrir hana með öðrum jafn raunhæfum aðgerðum, að því leyti, sem hlutaðeigandi stjórnvöld kunna að ákveða. Þó að því tilskyldu að brott-nám öryggisbúnaðar um stundarsakir, meðan á sýningu vélanna stendur, skal ekki teljast brot á þessu ákvæði, svo fremi sem gerðar eru hæfilegar ráðstaf-anir til þess að mönnum stafi ekki hætta af slíku.
3. Allar stilliskrúfur, boltar og lykklar, og aðrir hlutar, er skaga fram, að því leyti sem lýst er af hlutaðeigandi stjórnvöldum, og teljast hluti af hreyfanlegum vélahlutum, og sem talið er að mönnum, sem koma í snertingu við þá, geti stafað hætta af, þegar þeir eru á hreyfingu, skulu þannig hannaðir, þeim sökkt niður eða þeir þannig varðir að komið sé í veg fyrir slíka hættu.
4. Öll kasthjól, gangskiptihjól, keilumynduð og sívöl núningsdrifhjól, kambhjól, draghjól, reimar, keðjur, vænghjól, skrúfudrif, sveifararmar og rennilakkir, og sömuleiðis, að því leyti, sem lýst er af hlutaðeigandi stjórnvöldum, véla-rásar (þar með taldir drifendar þeirra) og aðrar drifvélar, sem einnig kunna að hafa hættu í för með sér fyrir hvern þann, sem kemur í snertingu við þær, þegar þær eru í hreyfingu, skulu vera þannig hannaðar eða varðar, að komið sé í veg fyrir slíka hættu. Einnig skulu stjórnþæki eða -hlutar vera þannig hann-aðir eða varðir, að komið sé í veg fyrir slíka hættu.

3. gr.

1. Ákvæði 2. gr. taka ekki til véla eða hættulegra hluta þeirra, sem skilgreindir eru í þeirri grein, og sem —
 - a. þannig eru úr garði gerðir að þeir mega teljast eins öruggir og væru þeir búnir hæfilegum öryggisbúnaði; eða
 - b. þannig á að setja upp eða koma fyrir að þeir vegna uppsetningar sinnar eða afstöðu mega teljast eins öruggir og væru þeir búnir hæfilegum öryggisbúnaði.
2. Bann við sölu, leigu eða annars konar afhendingu eða sýningu véla, sem kveðið er á um í málsgr. 1 og 2 í 2. grein, tekur ekki til véla einungis sökum þess að þær eru þannig hannaðar, að kröfur þær, sem felast í málsgr. 3 og 4 í þeirri sömu grein, séu ekki að öllu leyti uppfylltar, við framkvæmd viðhalds, smurningu, uppsetningu og stillingu þeirra, ef slíkt er hægt að framkvæma samkvæmt viðurkenndum öryggisreglum.
3. Ákvæði 2. greinar banna ekki sölu eða annars konar afhendingu véla, sem koma á fyrir í geymslu, brjóta á upp eða endurbyggja. Hins vegar skulu slíkar vélar ekki seldar, leigðar, afhentar á nokkurn annan hátt eða hafðar til sýnis eftir að þær hafa verið hafðar í geymslu eða hafa verið endurbyggðar, nema þær séu búnar öryggisbúnaði samkvæmt áður nefndum ákvæðum.

4. gr.

Kvöð sú um að tryggja það að ákvæði 2. greinar séu haldin, skal hvíla á seljanda, leigusala eða þeim, er lætur vélarinnar af hendi á einhvern annan hátt, eða þeim, er sýnir þær, og þegar slíkt á við samkvæmt ákvæðum laga eða reglugerða, á umboðsmönnum þeirra hvers um sig. Þessi kvöð skal hvíla á framleiðanda, þegar hann selur vélar, leigir þær, afhendir þær á einhvern annan hátt eða hefur þær til sýnis.

5. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur kveðið á um undanþágu til bráðabirgða frá ákvæðum 2. greinar.
2. Tímalengd slíkrar undanþágu til bráðabirgða, sem í engu tilfelli skal fara fram úr þremur árum frá því að samþykkt þessi öðlaðist gildi í því aðildarríki, sem í hlut á, og sérhver önnur skilyrði hér að lútandi, skulu ákveðin með lögum eða reglugerð, eða með öðrum jafn áhrifaríkum aðgerðum.
3. Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skulu hlutaðeigandi stjórnvöld hafa samráð við aðalsamtök vinnuveitenda þeirra og vinnuþega, sem hlut eiga að máli, og samtök iðnrekenda, eftir því sem hæfilegt þykir.

III. KAFLI.

Notkun.

6. gr.

1. Notkun véla, sem þannig eru úr garði gerðar að einhverjir hættulegir hlutar þeirra, þar með talinn sá hluti þeirra, þar sem hin eiginlega vinnsla fer fram, hafa ekki hæfilegan öryggisbúnað, skal bönnuð með lögum eða reglugerðum, eða komið í veg fyrir notkun þeirra með einhverjum öðrum jafn áhrifaríkum ráðstöfunum; þó að því tilskildu, að ef slíku banni verður ekki að öllu leyti við komið án þess að útiloka notkun vélarinnar, þá skuli það gilda að því marki, sem notkun vélanna leyfir.
2. Öryggisbúnaður véla skal vera þannig úr garði gerður, að ekki brjóti í bága við reglur og stuðla um öryggi við vinnu og heilbrigðisvarnir.

7. gr.

Kvöð sú um að tryggja það, að ákvæði 6. greinar séu haldin, skal hvíla á vinnuveitanda.

8. gr.

1. Ákvæði 6. greinar taka ekki til véla, eða vélahluta, sem eru þannig smíðaðir, þannig upp settir eða fyrir komið, að þeir eru jafn öruggir sem væru þeir búnir hæfilegum öryggisbúnaði.
2. Ákvæði 6. greinar og 11. greinar koma ekki í veg fyrir viðhald, smurningu, uppsetningu eða breytingu á vélum eða vélahlutum, sem framkvæmd er í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur.

9. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur kveðið á um undanþágu til bráðabirgða frá ákvæðum 6. greinar.
2. Tímalengd slíkrar undanþágu til bráðabirgða, sem í engu tilviki skal fara fram úr þremur árum frá því að samþykkt þessi öðlast gildi í því aðildarríki, sem í hlut á, og sérhver önnur skilyrði hér að lútandi, skulu ákveðin með lögum eða reglugerð, eða með öðrum jafn áhrifaríkum aðgerðum.
3. Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skulu hlutaðeigandi stjórnvöld hafa samráð við aðalsamtök vinnuveitenda þeirra og vinnuþega, sem hlut eiga að máli.

10. gr.

1. Vinnuveitandi skal gera ráðstafanir til þess að heina athygli vinnuþega að þeim lögum og reglugerðum, sem gilda um öryggisbúnað véla, og skal hann veita þeim fræðslu, eftir því sem þörf er á, um þá hættu, sem notkun véla getur haft í för með sér og hvaða varúðarráðstafanir þarf að viðhafa í því sambandi.
2. Vinnuveitandinn skal koma á fót og halda uppi umhverfisaðstæðum, sem þannig eru úr garði gerðar að þær stofni ekki í hættu starfsmönnum þeim, sem vinna við vélar þær, er samþykkt þessi tekur til.

11. gr.

1. Enginn starfsmaður skal mega nota nokkra vél, án þess að öryggisbúnaður sá, sem kveðið er á um, sé á sínum stað, og eigi skal þess krafizt af nokkrum starfsmanni að hann noti nokkra vél, án þess að öryggisbúnaður sá, sem kveðið er á um, sé á sínum stað.
2. Enginn starfsmaður, sem notar vél, skal mega gera öryggisbúnað þann, sem kveðið er á um, óstarfshæfan, og eigi skal slíkur búnaður gerður óstarfshæfur á nokkurri vél, sem einhver starfsmaður á að nota.

12. gr.

Fullgilding þessarar samþykktar skal engin áhrif hafa á réttindi vinnuþega til félagslegs öryggis, eða samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.

13. gr.

Ákvæði þessa hluta samþykktarinnar, er taka til skuldbindinga vinnuveitenda og vinnuþega, skulu einnig taka til þeirra, sem starfa hjá sjálfum sér, ef og að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi stjórnvöld ákveða.

14. gr.

Hugtakið „vinnuveitandi“ skal, að því er varðar ákvæði þessa hluta samþykktarinnar, einnig ná til tiltekins umboðsmanns vinnuveitandans, þar sem slíkt samræmist gildandi lögum og reglugerðum.

IV. KAFLI

Ráðstafanir um framkvæmd.

15. gr.

1. Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir, þar með talið að kveða á um hæfilegar refsingar, til þess að tryggja framkvæmd á ákvæðum þessarar samþykktar.
2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, tekur að sér að koma á fót fullnægjandi eftirlitsþjónustu í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar, eða ganga úr skugga um að nægilegt eftirlit sé við haft.

16. gr.

Sérhver lög eða reglugerðir, sem veita ákvæðum þessarar samþykktar gildi, skulu sett af hlutaðeigandi stjórnvöldum í samráði við aðalsamtök þeirra vinnuveitenda og vinnuþega, sem hlut eiga að máli, og samlök iðnrekenda, eftir því sem við á.

V. KAFLI

Gildissvið.

17. gr.

1. Ákvæði þessarar samþykktar taka til allra greina atvinnuveganna, nema því aðeins að aðildarríki það, sem fullgildir samþykktina, tilgreini takmarkaðri framkvæmd með sérstakri yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu þess á samþykktinni.
2. Í þeim tilvikum, þar sem yfirlýsing hefur verið gefin út, er tilgreini takmarkaðri framkvæmd —
 - a. Skulu ákvæði samþykktarinnar teljast vera lágmarksákvæði að því er varðar þau fyrirtæki eða atvinnugreinar, sem hlutaðeigandi stjórnvöld, að höfðu samráði við vinnueftirlitsstofnanir og aðalsamtök þeirra vinnuveitenda og vinnuþega, sem hlut eiga að máli, ákveða að nota vélar í ríki mæli; og geta sérhver slík samtök átt framkvæði að þeirri ráðaleitan;
 - b. skal aðildarríkið í skýrslum sínum, sem gerðar eru samkvæmt 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, greina frá því hversu miðað hefur í þá átt að gera framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar viðtækari en áður.
3. Sérhvert aðildarríki, sem gefið hefur út yfirlýsingu samkvæmt fyrsta tölulíði þessarar greinar, getur hvenær sem er ógilt þá yfirlýsingu að öllu leyti eða að einhverjum hluta, með því að gefa út nýja yfirlýsingu þar að lútandi.

VI. KAFLI

Lokaákvæði.

18.—25. gr.

Greinar þessar eru samhljóða gr. 17.—18. og gr. 20.—25. í Samþykkt nr. 117 hér að framan.

Fylgiskjal IV.

Tillaga (nr. 116) um styttingu vinnutíma.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, sem kom saman til 46. þings í Genf hinn 6. júní 1962 samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálagstofnunar, hefur ákveðið að fallast á tilteknar ábendingar um vinnutíma, sem er 9. mál á dagskrá þingsins og þar sem það hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli færðar í form tillögu til uppfyllingar gildandi alþjóðasamþykktum um vinnutíma og til þess að aðvelda framkvæmd þeirra með því

- að benda á hagkvæmar ráðstafanir til þess að stytta smám saman vinnutíma, þar sem tekið sé tillit til hinna mismunandi félagslegu og efnahagslegu aðstæðna í hinum ýmsu löndum og hinna ýmsu aðferða, sem í þessum löndum eru hafðar við ákvörðun vinnutíma og annarra vinnukjara;
- að setja fram í aðalatriðum aðferðir til framkvæmda slíkum ráðstöfunum;
- að benda á regluna um fjörutíu stunda vinnuviku, en það markmið er sett í samþykkt frá 1935 um fjörutíu stunda vinnuviku, sem félagslegt markmið er stefnt skal að stig af stigi, ef nauðsyn krefur, og setja hámarksákvæði um venjulegan vinnutíma í samræmi við Samþykkt um vinnutíma í iðnaði, 1919;
- samþykkir þingið í dag hinn 26. júní 1962 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um styttingu vinnutíma, 1962:

I. Almennar meginreglur.

1. Sérhvert aðildarríki ætti að semja og framfylgja stefnuskrá er miði að því að stytta vinnutíma stig af stigi í samræmi við 4. grein. Skal það gert með þeim hætti, sem hæfir aðstæðum og venju í hverju landi og í hverri atvinnugrein.
2. Sérhvert aðildarríki ætti að tryggja framkvæmd reglunnar um styttingu vinnutíma stig af stigi í samræmi við 4. grein, eftir því sem samrýmzt getur ástæðum og venju í hverju landi. Skal það gert með þeim hætti, er samrýmst aðferðum þeim, sem viðhafðar eru eða kunna að verða teknar upp, um ákvörðun vinnutíma.
3. Reglunni um áframhaldandi styttingu vinnutíma má framfylgja með lögum, reglugerðum, heildarsamningum eða úrskurðum gerðardóms, eða með þessum mismunandi aðferðum sameiginlega, eða á hvern þann hátt annan, sem samrýmst venju í hverju landi, eftir því sem bezt hæfir aðstæðum í landinu og þörfum hvernar starfsgreinar.
4. Almennan vinnutíma skal stytta í áföngum þegar það hentar með tilliti til þess að ná því félagslega markmiði, sem sett er í inngangi þessarar tillögu, án þess að kaup verkamanna lækki um leið og vinnustundum fækkar.
5. Þar sem vinnuvikan er almennt lengri en 48 stundir ætti þegar í stað að gera ráðstafanir til þess að færa hana niður í það mark, án þess að kaup verkamanna lækki jafnframt því að vinnutíminn styttest.
6. Þar sem vinnuvika er almennt fjörutíu og átta stundir eða skemmri, ætti að gera ráðstafanir til styttingar hennar í áföngum í samræmi við 4. grein og koma þeirri styttingu á með þeim hætti, sem bezt hæfir sérstökum aðstæðum í hverju landi og aðstæðum í hverri grein atvinnulífsins.
7. Í slíkum ráðstöfunum ætti að taka tillit til:
 - a. efnahagsþróunar, sem náðst hefur og að hve miklu leyti hlutaðeigandi ríki getur stytt vinnutímamann án þess að skerða heildarframleiðsluna eða framleiðni, eða stofna í hættu efnahagslegri þróun, eflingu nýrra atvinnugreina eða samkeppnisaðstöðu í alþjóðaviðskiptum og án þess að skapa verðbólgu, sem að síðustu mundi rýra raunverulegar tekjur verkamanna;
 - b. þeirra framfara, sem náðst hafa og unnt er að ná með því að auka framleiðni með nýrri tækni, sjálfvirkni og bættri stjórn;
 - c. þarfarinnar á því að bæta lífskjör fólks í þróunarlöndunum; og
 - d. óska félagsamtaka atvinnurekenda og verkamanna í hinum ýmsu greinum, sem hlut eiga að máli, um það á hvern hátt styttingu vinnutímans mætti koma í framkvæmd.
8. (1) Reglunni um styttingu vinnutíma, sem kemur fram í 4. grein, má koma á í áföngum, sem ekki er nauðsynlegt að ákveða á alþjóðlegum grundvelli.
- (2) Slíkir áfangar geta verið:
 - a. áfangar miðaðir við tíma;
 - b. áfangar, er taki smám saman til ákveðinna greina atvinnulífsins;

- c. áfangar, er byggist á þessum tveim aðferðum sameiginlega; eða
 - d. verið ákvarðaðir með öðrum aðferðum, sem best kunna að hæfa aðstæðum í hverju landi og hverri grein atvinnulífsins.
9. Við styttingu vinnutímans ætti fyrst og fremst að taka til athugunar atvinnugreinar og störf, sem hafa í för með sér sérstaklega mikla líkamlega eða andlega áreynslu eða hættu fyrir heilbrigði hlutaðeigandi verkafólks, sérstaklega þar sem konur og börn vinna aðallega.
 10. Sérhvert ríki ætti á hæfilegum fresti að senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar upplýsingar um árangur þann, sem náðst hefur í framkvæmd ákvæða þessarar tillögu, þar sem greind séu öll þau atriði, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur óskað upplýsinga um.

II. Framkvæmdahættir.

A. Skilgreining.

11. Að því er tekur til þessarar tillögu er með venjulegum vinnutíma átt við þann tíma, sem í hverju landi er ákveðinn með lögum, reglugerðum, heildarsamningum eða gerðardómi. Sé hann ekki ákvarðaður með þessum hætti er það sá tími, sem greiddur er með dagvinnukaupi, en vinnutími umfram hann er greiddur með yfirvinnutaxta eða er undantekning frá viðurkenndum reglum eða venju í hlutaðeigandi atvinnugrein eða starfi.

B. Ákvörðun vinnutíma.

12. (1) Leyfa ætti að reikna venjulegan vinnutíma sem meðaltalsvinnutíma á lengra tímabili en einni viku, þegar sérstakar aðstæður í ákveðnum atvinnugreinum eða tæknilegar þarfir réttlæta það.
- (2) Hlutaðeigandi stjórnvald eða stofnun í hverju landi ætti að ákvarða hámarks tímabil það, sem miða má við í útreikningi meðalvinnutíma.
13. (1) Sérstök ákvæði má setja um störf, sem vegna eðlis þeirra, verður að vinna samfellt í vinnuvöktum.
- (2) Slík ákvæði skulu þannig sett að meðalvinnutíminn í þess konar vaktavinnu fari aldrei fram úr þeim vinnutíma, sem ákveðinn er sem venjulegur vinnutími í hlutaðeigandi starfsgrein.

C. Undanþágur.

14. Hlutaðeigandi stjórnvald eða stofnun í hverju landi ætti að ákvarða við hvaða aðstæður og með hvaða takmörkunum undanþágur frá venjulegum vinnutíma skuli leyfðar —
 - a. til langframa —
 - (i) í vinnu, sem ekki er stöðug;
 - (ii) í sérstökum tilvikum, þar sem nauðsyn krefur vegna almenningsþarfa;
 - (iii) í vinnu, sem af tæknilegum ástæðum er nauðsynlegt að framkvæma utan þeirra marka, sem sett eru um venjulega vinnu í starfsgreininni, hluta hennar eða starfshópi.
 - b. um stundarsakir —
 - (i) vegna slyss eða yfirvofandi hættu;
 - (ii) vegna vinnu við vélar eða verksmiðju, sem ekki má fresta;
 - (iii) vegna ófyrirsjáanlegra atvika (force majeure);
 - (iv) vegna óvenjulega mikillar aðkallandi vinnu;
 - (v) til þess að vinna upp tíma, sem tapast hefur vegna vinnustöðvunar af völdum skemmda á eignum, truflana á orku, óhagstæðs veðurs, skorts á hráefnum eða flutningatækjum eða náttúruhamfara;
 - (vi) vegna neyðarástands í landinu.

c. á vissum tímum —

- (i) vegna árlegrar vörutalningar og uppgjörs;
- (ii) vegna sérstakrar árstíðabundinnar starfsemi.

15. Þegar venjulegur vinnutími fer fram úr 48 stundum á viku, ætti hlutaðeigandi stjórnvald eða stofnun að athuga gaumgæfilega hvort fyrir hendi sé raunveruleg nauðsyn til undanþágu, áður en slík undanþága er veitt í þeim tilfellum, sem nefnd eru í liðunum a. (i) og (iii), b. (iv) og (v) og c. (i) og (ii) í 14. gr.

D. Yfirvinna.

16. Alla vinnu fram yfir venjulegan vinnutíma ætti að telja yfirvinnu, nema hún sé tekin með í reikninginn við ákvörðun kaups samkvæmt venju.
17. Hlutaðeigandi stjórnvald eða stofnun í hverju landi ætti að ákveða hámark samanlagðs yfirvinnutíma á tilteknu tímabili, að undanskildum tilvikum þegar um er að ræða force majeure.
18. Við ákvarðanir um yfirvinnu ætti að taka viðeigandi tillit til sérstöðu unglinga innan 18 ára aldurs, barnshafandi kvenna, mæðra með börn á brjósti og fatlaðs fólks.
19. (1) Fyrir yfirvinnu ætti að greiða hærra kaup en fyrir venjulegan vinnutíma.
(2) Hlutaðeigandi stjórnvald eða stofnun í hverju landi ætti að ákveða kaup-taxta fyrir yfirvinnu, en aldrei mega þeir vera lægri en ákveðið er í 6. gr. 2. mgr. Samþykktar um vinnutíma frá 1919.

E. Samráð við atvinnurekendur og verkamenn.

20. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að gera sér að venju að ráðfæra sig við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna um mál varðandi framkvæmd þessarar tillögu.
- (2) Sérstaklega ætti slíkt samráð að eiga sér stað um eftirtalin atriði að svo miklu leyti sem þau eru háð ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalds í hverju landi:
- a. Ráðstafanir þær, sem um ræðir í 8. grein;
 - b. hámarkstímabil það, sem meðaltal vinnutíma má reiknast af, samkvæmt ákvæðum 12. greinar;
 - c. ákvæði, sem sett kunna að vera samkvæmt 13. grein um störf, sem vinna verður samfelt í vöktum;
 - d. undantekningar samkvæmt 14. grein;
 - e. takmarkanir á yfirvinnu og greiðslu fyrir hana samkvæmt ákvæðum 17. og 19. greinar.

F. Eftirlit.

21. Til þess að framkvæma á raunhæfan hátt ráðstafanir til styttingar vinnutíma samkvæmt 4. og 5. grein ætti —
- a. að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja fyllilega framkvæmd ákvæða um vinnutíma með viðeigandi eftirliti eða á annan hátt;
 - b. atvinnurekanda að vera skylt að tilkynna hlutaðeigandi verkamönnum með auglýsingum á vinnustað eða með öðrum hætti, sem hlutaðeigandi stjórnvald samþykkir:
 - (i) hvenær vinna hefjist og hvenær henni ljúki;
 - (ii) hvenær hver vinnuvaka hefjist og hvenær henni ljúki, þegar um vaktavinnu er að ræða;
 - (iii) hvíldarstundir, sem ekki eru innifaldar í vinnutímanum;
 - (iv) hina vikulegu vinnudaga;

- c. atvinnurekanda að vera skylt að halda skýrslu um vinnutíma, vinnulaun og yfirvinnu hvers verkamanns í því formi, sem hlutaðeigandi stjórnvald samþykkir og sýna þær eftirlitinu þegar þess er krafizt;
- d. að setja refsíákvæði, sem hæfileg þykja með tilliti til þeirra aðferða, sem hafðar eru við framkvæmd ákvæða þessarar tillögu.

G. Almenn ákvæði.

- 22. Þessi tillaga hefur ekki áhrif á lög, reglugerðir, úrskurði, venju og samninga milli atvinnurekenda og verkamanna, sem tryggja eða miða að því að tryggja verkamönnum betri kjör.
- 23. Þessi tillaga tekur ekki til landbúnaðar, flutninga á sjó né fiskveiða. Sérstök ákvæði ætti að setja um þessar atvinnugreinar.

Fylgiskjal V.

Tillaga (nr. 117) um starfsþjálfun.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnuálastofnunarinnar stefndi saman til 46. þings í Genf hinn 6. dag júnímánaðar 1962, hefur ákveðið að fallast á tilteknar ábendingar um tilhögun starfsþjálfunar, sem er 4. mál á dagskrá þingsins, með það fyrir augum að þær komi í stað tillögu um starfsþjálfun frá 1939, tillögu um iðnnám frá 1939 og tillögu um starfsþjálfun fullorðinna frá 1950, og þar sem þingið hefur ákveðið að leggja til að samþykkt verði tillaga hér að lútandi, með það í huga að Vísinda- og menntastofnun Samcinuðu þjóðanna hefur nú í undirbúningi tillögur um tækninám, samþykkir þingið í dag, hinn 27. dag júnímánaðar 1962, eftirfarandi tillögu, er nefnist Tillaga um starfsþjálfun frá 1962:

I. Almenn ákvæði.

- 1. Tillaga þessi tekur til allrar þjálfunar, sem ætluð er til undirbúnings eða endurbjálfunar fyrir hvern þann, er hyggst takast á hendur starf í fyrsta sinn eða síðar, eða hyggur á að öðlast hækkun í stöðu, í hvaða atvinnugrein sem er, þar með talin sú almenna menntun, iðnmenntun og tæknimenntun, sem nauðsynleg má teljast í þeim sama tilgangi, að undantekinni —
 - a. þjálfun til þess að takast á hendur framkvæmda- eða stjórnunarstörf, sem teljast vera fyrir ofan stig verkstjórnar í iðnaði eða hliðstæðra starfa í öðrum atvinnugreinum;
 - b. þjálfun sjómanna, sem áfram er háð ákvæðum tillögu um starfsþjálfun (sjómenn) frá 1946;
 - c. þjálfun á sviði landbúnaðar, sem áfram er háð ákvæðum tillögu um starfsþjálfun (landbúnaður) frá 1956.
- 2. (1) Þjálfun er ekki takmark í sjálfu sér, heldur aðferð til þess að þroska starfshæfni einstaklingsins jafnframt því sem hafðir eru í huga möguleikar hans til að afla sér atvinnu og til að læra sér í nyt hæfileika sína, þannig að þeir komi honum og samfélaginu að sem mestum notum. Þjálfun ætti að haga þannig, að hún þroski persónuleika einstaklingsins, einkum þegar ungt fólk á í hlut.
 - (2) Þjálfun er einstök heild, er einkennist af hinum ýmsu þáttum hennar, sem eru hver öðrum háðir.
 - (3) Þjálfun er þróun, sem heldur áfram alla starfsævi einstaklingsins, og fer þar eftir þörfum hans sem einstaklings og sem þjóðfélagsþegns.
 - (4) Þjálfun ætti að vera laus við hvers konar mismunun vegna kynþáttar, hörundslitar, kyns, trúar, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða uppruna.
 - (5) Þjálfun krefst samfelldrar samvinnu allra þeirra stofnana og einstaklinga, sem fást við einhvern þátt hennar, svo sem kveðið er á um í 11. grein.

II. Almenn skipulag og yfirstjórn.

3. (1) Hvert ríki ætli að starfrækja kerfi þjálfunarstöðva, en fjöldi þeirra, staðsetning og námsefni sé samræmt atvinnumöguleikum og þörfum landsins í heild á sviði atvinnumála, eða þar sem það á fremur við, þörfum einstakra landshluta eða héraða, þannig að unnt sé að sjá þegnum landsins fyrir þeirri starfsþjálfun, sem þeir þurfa með.
- (2) Þetta kerfi ætli að vera þannig skipulagt að það auðveldi tilfærslu frá einni tegund þjálfunar til annarrar, og sömuleiðis aðgang frá einu stigi þjálfunar til annars, þannig að hverjum einstaklingi sé gert kleift að ná hinu æðsta stigi þjálfunar eftir því, sem geta hans leyfir og hugur hans stendur til.
- (3) Leiðir þær, sem opnar eru til starfa, einkum á sviði hinna ýmsu iðngreina, ættu að geta fullnægt öllum greinum atvinnulífsins, svo og hinum margvíslegu hæfileikum, hagsmunum og aðstæðum einstakra nema.
- (4) Þar sem aðstæður í landinu eru þannig, að ókleift er að koma á fót fullkomnu þjálfunarkerfi, þá ætli land það, sem í hlut á, að ihuga möguleika á samvinnu við nágrannalönd um stofnun sameiginlegs þjálfunarkerfis, eða um stofnun einnar eða fleiri sameiginlegra þjálfunarstöðva.
4. (1) Ábyrgð og verkefni þeirra stjórnvalda, sem eiga að sjá um starfsþjálfun, ættu að vera ítarlega skilgreind.
- (2) Stjórnvöld þau og hinar ýmsu opinberu stofnanir og einkastofnanir, sem í hverju landi um sig hafa með höndum starfsþjálfun, ættu að hafa samvinnu um að koma á fót fullkomlega samhæfðum þjálfunarstöðvum, jafnframt því sem frjálsu framtaki er leyft að njóta sín og fullt tillit er tekið til þarfa einstakra þátta atvinnulífsins, landshluta og héraða —
 - a. á grundvelli almennrar áætlunar, sem gerð er fyrir landið í heild;
 - b. á grundvelli sjálfbodinnar þjónustu, með aðstoð þeirra tækja, sem þar við eiga; eða
 - c. með því að sameina þessar tvær leiðir.
- (3) Hvor leiðin, sem valin er, ættu þær ráðstafanir, sem gerðar kunna að verða til að koma á fót þeirri starfsemi, sem getið er í tölulið (2), að taka til þeirra atriða, sem hér greinir, jafnframt því, sem tekið er fullt tillit til frelsis þjálfunarnema til að velja sér þá vinnu, sem þeir óska:
 - a. ákvörðunar varðandi svið og eðli þeirrar þjálfunar, sem þörf er á, og þeirrar aðstöðu, sem fyrir hendi er;
 - b. ákvörðunar um það hverjar atvinnugreinar eiga að ganga fyrir um starfsþjálfun, án þess að aðrar atvinnugreinar séu vanræktar eða þjálfun starfsfólks í þeim;
 - c. ákvörðunar um það í hvaða atvinnugreinum er talið nauðsynlegt eða æskilegt að komið verði á hæfnisstöðlun, framkvæmd slíkrar stöðlunar, útgáfu námsskrár fyrir starfsþjálfunina svo og stöðlun á prófum fyrir þá, sem ljúka þjálfun í þessum atvinnugreinum;
 - d. setningar og framkvæmdar á reglum varðandi aðstæður og aðferðir, sem nota skal við starfsþjálfunina;
 - e. setningar og framkvæmdar reglna fyrir stofnanir þær, sem eiga að hafa með höndum starfsþjálfun, einkum þeirra, sem bjóða fram þjálfun á sviði þeirra atvinnugreina, sem hæfnisstöðlun hefur verið komið á fót í;
 - f. setningar og framkvæmdar reglna um hæfni þeirra, sem annast eiga kennslu í þjálfunarstöðvum;
 - g. ákvörðunar, eftir því sem aðstæður leyfa, um tæknilega fjárhaglega aðstoð til þeirra stofnana og fyrirtækja, sem veita starfsþjálfun.
- (4) Þar sem almenn áætlun hefur verið samþykkt, ættu viðkomandi stjórn-

völd að tryggja það, að ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið til að hrinda henni í framkvæmd, taki til þeirra ráðstafana, sem getið er í tölulið (3).

- (5) Þegar samhæfing á sér stað af frjálsum vilja, ættu ráðstafanir þær, sem getið er í tölulið (3), að vera á ábyrgð þeirra stjórnvalda og stofnana, sem getið er í tölulið (2), eftir því sem starfssvið þeirra segir til um.
 - (6) Reglur þær og stuðlar, sem getið er í tölulið (3) ættu, hvenær sem því verður við komið, að gilda á öllu umráðasvæði aðildarríkis.
 - (7) Þegar slíkt er eigi mögulegt, ætti að gefa út stuðla, sem mælt er með að farið sé eftir og geti orðið leiðarvísir við útgáfu stuðla, sem séu því sem næst hinir sömu um allt landið.
 - (8) Þegar komið verður á fót fullkomlega samhæfðum þjálfunarstöðvum, eins og getið er um í tölulið (2), ætti að taka viðhlítandi tillit til eftirfarandi atriða:
 - a. atvinnuhagsmuna einstaklingsins, svo og þarfa hans á sviði menningar og siðferðis, auk þarfa þjóðfélagsins fyrir vinnuafli og hagsmuna þess á sviði avinnu- og félagsmála;
 - b. stefnu þeirrar, sem gildir fyrir þjóðina í heild á sviði menntunar og starfsþjálfunar;
 - c. núverandi og fyrirhugaðrar aðstöðu til almennrar menntunar, starfsfræðslu og starfsvals;
 - d. núverandi og fyrirhugaðrar aðstöðu til starfsþjálfunar, þar með talin aðstaða til iðnnáms og tæknináms;
 - e. núverandi ástands og þróunar á sviði vinnumarkaðsins;
 - f. almennrar stefnu og þróunar á sviði efnahagsmála;
 - g. dreifingar íbúa landsins og þeirra breytinga, sem gera má ráð fyrir í því efni;
 - h. breytinga, er gera má ráð fyrir að því er varðar aðferðir, sem beitt er við ýmis störf og skipulagningu þeirra;
 - i. tilvistar íbúahópa, sem vegna landfræðilegrar einangrunar, þjóðfræðilegs mismunar eða af einhverjum öðrum ástæðum þarfnast þess, að sérstakt tillit sé til þeirra tekið.
 - (9) Starfsemi hinna samhæfðu þjálfunarstöðva þyrfti að vera háð stöðugu eftirliti og gera þarf ráðstafanir, eftir því, sem nauðsyn krefur, til þess að þær geti fylgzt með breyttum þörfum.
 - (10) Stofnun hinna samhæfðu þjálfunarstöðva ætti að framkvæma fyrir landið í heild með samstarfi milli þeirra stjórnvalda, sem fjalla um hina ýmsu þætti vandamálsins, og nefnd eru í tölulið (8), og annarra aðila, sem hagsmuni hafa af slíku.
5. (1) Samvinnu þeirri, sem gildir fyrir landið í heild, ætti að vera komið á fyrir tilstilli viðeigandi stofnunar eða stofnana, en í stjórn þeirra eigi sæti fulltrúar allra þeirra hagsmuna, er hlut eiga að máli.
 - (2) Stofnun sú eða stofnanir, sem hér um ræðir, ættu að njóta stuðnings stofnana, sem séu svipaðar að skipulagi og komið verði á fót, eftir því sem þurfa þykir, innan einstakra héraða eða sveitarfélaga.
 6. Koma ætti á fót ráðgjafanefndum, en í þeim ættu að eiga sæti fulltrúar ýmissa atvinnugreina eða starfsgreina. Nefndir þessar starfi með stofnunum þeim, sem nefndar eru í 5. grein, að því að meta þær kröfur til starfsþjálfunar, sem gera verður innan þeirra starfsgreina, sem þær hafa sérstaklega afskipti af, og koma á fót starfsþjálfun innan þeirra.
 7. (1) Starfsþjálfun, sem fram fer á vegum opinberra þjálfunarstöðva, ætti að láta nemendum í té endurgjaldslaust.
 - (2) Þetta ætti hins vegar ekki að koma í veg fyrir það að þjálfunarstöðvar geti

- krafizt gjalds af nemandi, ef honum er ekki skylt að sækja námskeið til þjálfunar eða þarfnast ekki þjálfunar til þess að fá atvinnu eða halda atvinnu sinni.
- (3) Meðan á þjálfun í þjálfunarstöðvum stendur, sem látin er í té fyrir tilstilli eða með samþykki viðkomandi stjórnvalda, ættu fullorðnir, sem ekki njóta launa, og unglingar, sem þess eru þurfandi, að fá greiddan hæfilegan styrk, eftir því sem efnahagsleg og fjárhagsleg geta leyfir, en slíkur styrkur skal ákveðinn með tilliti til —
 - a. sérhverra atvinnuleysisbóta eða hverra annarra bóta, sem þeir kunna að njóta;
 - b. annarra atriða, sem máli skipta, svo sem fjölskylduábyrgðar, dýrtíðar í héraði því, sem í hlut á, sérstakra persónulegra útgjalda, sem tengd eru þjálfuninni, svo sem ferðakostnaðar, eða húsaleigu, og í sérstökum tilfellum, aldurs;
 - c. þeirrar þarfar, sem er á því að hvetja fullorðið fólk til að öðlast og ljúka þjálfun í samræmi við vinnumarkaðinn og þarfir sveitarfélagsins fyrir þjálfað starfsfólk.
 - (4) Einstaklingar þeir, sem þjálfunar njóta á vegum fyrirtækja, ættu að fá hæfileg laun, í samræmi við það, sem ákveðið er í lögum eða reglugerðum, kaupgjaldssamningum eða reglum þess fyrirtækis, sem í hlut á.
 - (5) Þátttöku í þjálfun, sem fer fram á vegum opinberra þjálfunarstöðva og svipaðra stöðva einkaaðila, sem samþykktar hafa verið, svo og þátttöku í annars konar þjálfun, sem samþykki hefur hlotið, ætli að auðvelda, eftir því sem aðstæður krefjast, með því að veita efnahagslega aðstoð í formi ókeypis málsverða, ókeypis vinnufatnaðar, verkfæra, tækja og kennslubóka, ókeypis ferðalaga eða afsláttar af fargjöldum, upphaldskostnaðar eða fjölskyldubóta, námsstyrkja, lána eða ókeypis húsnæðis.
8. (1) Gera þarf ráðstafanir til þess að tryggja viðunandi aðbúnað og vinnuskilyrði þeirra, sem þjálfunar njóta, einkum þegar unglingar eiga í hlut, hvort heldur í hlut eiga fyrirtæki eða opinberar þjálfunarstöðvar, einkum að því er varðar hæfilega takmörkun þeirrar vinnu, sem þeir inna af hendi, þannig að hún sé í höfuðatriðum fræðsla.
 - (2) Störf þau, sem nemar inna af hendi í þjálfunarstöðvum, ættu ekki fyrst og fremst að miðast við það að hægt sé að hafa af þeim hagnað.
 - (3) Þjálfunarstöðvar og fyrirtæki, sem taka að sér starfsþjálfun, ættu að vera ábyrg fyrir því, að settar séu reglur varðandi öryggi og vernd nemanna, meðan þeir eru við störf, og tryggja það að slíkum reglum sé framfylgt.
 9. (1) Innan þeirra atvinnugreina, sem hæfnisstuðlar hafa verið ákveðnir í fyrir landið í heild, ætti starfsþjálfunin að fela í sér próf, er háð séu ákveðnum samræmdum reglum og kröfum, sem settar hafa verið á þann hátt að þær öðlist sem fullkomnast traust og gildi. Einnig ætti að gera ráðstafanir til þess að tryggja það að þessum prófkröfum sé framfylgt.
 - (2) Skirteini þau, sem gefin eru út að loknum slíkum prófum, ættu að njóta viðurkenningar í landinu öllu.
 - (3) Jafnvel þegar ekki er um neina hæfnisstuðla að ræða í landinu sem heild, þá er það æskilegt að hver sá, sem lokið hefur einhverju kerfisbundnu þjálfunarnámskeiði, fái skirteini frá viðkomandi þjálfunarstöð eða fyrirtæki. er sanni það, að hann hafi lokið viðkomandi þjálfun. Á slíku skirteini ætti að taka fram um helztu þætti þeirrar þjálfunar, sem þar um ræðir.
 10. Þeir, sem ljúka þjálfunarnámskeiði, ættu að njóta aðstoðar þeirra stjórnvalda viðkomandi lands, sem annast vinnumiðlun, til þess að afla sér atvinnu, er samrýmist hæfni þeirri og þekkingu, sem þeir hafa aflað sér, jafnframt því sem tryggt er fullt frelsi um val á vinnustað.

III. Ráðstafanir um samvinnu.

11. (1) Allir þeir aðilar, sem hafa með höndum mál, er lúta að starfsþjálfun, sér í lagi opinber stjórnvöld, menntastofnanir, samtök vinnuveitenda og verkalyðssamtök ættu að nota hvert tækifæri til þess að veita gagnkvæma aðstoð og góð ráð í sambandi við skipulagningu, undirbúning og rekstur starfsþjálfunar, svo og þau mál almennt, sem að starfsþjálfun lúta.
- (2) Gera ætti ráðstafanir til þess að allir þeir, sem með slík mál fara, heim-sæki reglulega þá staði, þar sem starfsþjálfun fer fram, þannig að þeir geti fylgzt með og kynnt sér þær aðstæður, sem þjálfun er veitt við.
- (3) Fulltrúar frá samtökum vinnuveitenda og verkalyðssamtökum ættu að eiga sæti í stjórn þeirra stofnana, sem hafa á hendi yfirstjórn opinberra þjálfunarstöðva og sjá um tæknilegan rekstur þeirra. Þar sem slíkar stofnanir eru ekki til, ættu fulltrúar frá samtökum vinnuveitenda og verkalyðssamtökunum að vera á annan hátt í nánnum tengslum við rekstur slíkra stöðva.
- (4) Samvinnu ætti að halda við og efla, svo sem kostur er, milli þjálfunarstöðva, eða viðkomandi stjórnvalda, sem fræðslu veita, og fyrirtækja einkum þegar þjálfunin fer að nokkru leyti fram innan fyrirtækis og að nokkru hluta í þjálfunarstöðvum utan fyrirtækisins.
- (5) Án þess að draga úr almennu gildi tölulíðs (1) og að svo miklu leyti, sem mögulegt er, miðað við aðstæður í hverju landi um sig —
- a. ættu stjórnvöld þau, sem fara með fræðslu- og þjálfunarmál, samtök vinnuveitenda og verkalyðssamtök, svo og aðrir, sem beint eiga hlut hlut að máli, að vinna saman að eftirfarandi:
- (i) að ákvarða í hvaða starfsgreinum sé talið nauðsynlegt eða æskilegt að koma á hæfnisstuðlum;
- (ii) að ákveða slíka stuðla og námsskrá til þjálfunar, sem þeim hæfa;
- (iii) að hafa með hendi hæfileg próf og ákvarða hvaða réttindi unnt er að öðlast með slíkum prófum;
- b. ætti sem nánust samvinna að eiga sér stað varðandi söfnun og dreifingu upplýsinga um tækifæri til þjálfunar, sbr. 12. grein, og ættu stofnanir eins og barnaskólar, gagnfræðaskólar, tækni- og iðnskólar, fræðsluyfirvöld, starfsfræðslustofnanir, vinnumiðlunarstofnanir, samtök vinnuveitenda og vinnuþega, sérgreinasamtök og stofnanir, svo og fyrirtæki að taka þátt í þeirri samvinnu;
- c. ætti aðstoð sú, sem opinberar stofnanir, er fást við vinnumiðlun, láta í té, einnig að taka til —
- (i) athugana á þróun vinnumarkaðsins;
- (ii) mats á mannaflaþörf í nútíð og framtíð;
- (iii) ráðningar þess fólks, sem þjálfunar hefur notið.

IV. Upplýsingar um tækifæri til þjálfunar.

12. (1) Upplýsingum um tækifæri til þjálfunar innan hvernar einstakrar starfsgreinar ætti að safna saman á stöðugan og reglubundinn hátt, og þær ætti að láta í té hverjum þeim einstaklingi og stofnun, sem af þeim hafa hagsmuni.
- (2) Upplýsingar þessar ættu að taka til eftirfarandi atriða —
- a. hvers konar þjálfun látin er í té;
- b. hve lengi þjálfunarnámskeið standa yfir í hverri starfsgrein fyrir sig;
- c. hvaða skilyrða krafizt er til þátttöku í þeirri þjálfun, sem boðin er fram;
- d. hvert eðli og einkenni þeirrar þjálfunar, sem fram er boðin, er að því er við kemur atvinnuhorfum og frama í starfi;

- e. hvers konar fjárhagsaðstoðar eða annarrar aðstoðar þeir geta vænt sér, sem hyggjast taka þátt í starfsþjálfuninni, og hverjir skilmálar fylgja slíkri aðstoð;
 - f. hvaða próf þátttakendur þurfa að ganga undir, þá þjálfun lýkur, og hvaða réttinda þeir geta aflað sér með þeim.
- (3) Við dreifingu slíkra upplýsinga ætti að nota einhverja eða allar þær að- aðferðir, sem hér segir, eftir því sem við á: samtöl, fyrirlestra, upplýs- ingabæklinga, blaða- og tímaritagreinar, vegganglýsingar, kvikmyndir, film- ræmur, útvarps- og sjónvarpserindi, heimsóknir til fyrirtækja og sýningar á sviði einstakra starfsgreina.

V. Starfsfræðsla og val nema til þjálfunar.

13. (1) Þeir, sem hafa í hyggju að hefja starfsþjálfun, og sér í lagi þeir, sem ekki hafa enn öðlazzt neina þjálfun, ættu hver og einn fyrir sig að geta notið starfsfræðslu af hálfu þeirra starfsfræðslu- eða vinnumiðlunarstofn- ana, sem í hlut eiga, áður en þeir hefja þátttöku í starfsþjálfun eða velja sér atvinnugrein.
- (2) Vinnuþegar ættu að geta notið góðs af ráðleggingarstarfsemi innan skipu- lags þeirrar vinnumiðlunarþjónustu, sem fyrir hendi er, að því er varðar starfsfræðslu þeirra, endurþjálfun eða framhaldsþjálfun.
14. (1) Vali á nemum til starfsþjálfunar ætti að haga í fullu samræmi við þarfir og sérstakt eðli einstakra starfsgreina, án þess að gengið sé á frelsi hvers og eins til að velja sér þá atvinnu, sem hann kys sér.
- (2) Vali þeirra, sem eiga að stunda starfsþjálfun, skyldi hagað þannig, að dregið sé sem allra mest úr áhættunni á að til þjálfunar veljist fólk í þeim starfsgreinum, sem það er ekki fallið til þess að stunda, og með því móti verði dregið úr þeirri hættu að tími og fyrirhöfn við starfsþjálfun fari til spillis.
- (3) Við val á nemum til starfsþjálfunar skal gengið úr skugga um hvort þeir eru búnir þeim líkamlega og andlega þroska, sem þarf til þess að takast á hendur þá þjálfun og þau störf, sem fyrirhuguð eru.
- (4) Þegar læknisskoðun er hluti þeirrar athugunar, sem framkvæmd er við val á væntanlegum nemum, þá ætti hún að byggjast á þeim sérstöku kröfum, sem gera verður í sambandi við þjálfun og þau störf, sem fyrirhuguð eru.
- (5) Þegar sálfræðileg prófun er hluti þeirrar athugunar, sem framkvæmd er við val á væntanlegum nemum, þá ætti hún að miðast við þær sérstöku aðstæður, sem fyrir hendi eru í viðkomandi landi, vera nægilega áreiðan- leg og traust, og hafa gildi, sem sé í heinum tengslum við þær kröfur, sem gera verður innan viðkomandi starfsgreinar.

VI. Undirbúningsnám.

15. (1) Verklegt undirbúningsnáms ætti að kynna ungu fólk, sem ekki hefur enn hafið föst störf, undirstöðuatriði ýmiss konar starfa. Ekki ætti slík undirbúningsþjálfun að rýra í neinu almenna menntun, og ekki ætti hún heldur að koma í stað fyrsta hluta eiginlegrar starfsþjálfunar.
- (2) Undirbúningsþjálfun ætti að haga þannig, að hún taki til almennrar og hagnýtrar fræðslu, sem hæfir aldri þeirra unglinga, sem hana stunda, og miði að því að —
- a. vera beint framhald og viðbót við þá menntun, sem nemarnir hafa þegar hlotið;
 - b. veita nokkra innsýn í og skapa áhuga á og virðingu fyrir hagnýtri, verklegri vinnu, og skapi jafnframt áhuga á starfsþjálfun;

- c. leiða í ljós áhuga á og hæfileika til að stunda hagnýt störf, og stuðla þannig að starfsfræðslu;
- d. auðvelda aðlögun að verklegum störfum í framtíðinni.
- (3) Hvenær sem þess er kostur, ætti undirbúningsþjálfun að kynna nemendum tæki þau og efni, sem notuð eru í allmörgum starfsgreinum.

VII. Skipulagning starfsþjálfunar.

16. (1) Námsskrá sú, sem gildir um starfsþjálfun í hverri starfsgrein fyrir sig, ætti að byggjast á kerfisbundinni skýrgreiningu þeirrar vinnu, sérhæfni, þekkingar, svo og þeirra heilbrigðis- og öryggisatriða, sem máli skipta í viðkomandi starfsgrein. Jafnframt þessu skal taka fullt tillit til þróunar og fyrirsjáanlegra breytinga innan þessarar starfsgreinar.
- (2) Námsskrá til starfsþjálfunar ætti að endurskoða með vissu millibili, þannig að hún fylgi kröfum tímans.
17. (1) Námsskrá til starfsþjálfunar ætti að vera við það miðuð að hún veiti öllum nemendum trausta undirstöðu að bóklegri og verklegri þekkingu.
- (2) Auk fræðslu á sviði þeirrar vinnu, sérhæfni, þekkingar, svo og þeirra heilbrigðis- og öryggisatriða, sem máli skipta í viðkomandi starfsgreinum, að við bættari fræðslu í undirstöðuatriðum félagsmálalöggjafar, ætti, eftir því sem kostur er, að veita nemendum nokkra fræðslu um þau málefni, sem tengd eru þeim starfs- og atvinnugreinum, sem þeir hyggjast vinna við, einkum til þess að gera þeim kleift að afla sér frama í starfi.
- (3) Námsskrá fyrir starfsþjálfun, sem varir lengri tíma, ætti að taka til námsgreina, sem hafa almennt menntunargildi, og sömuleiðis námsskrá fyrir starfsþjálfun, sem varir styttri tíma, eftir því sem tíminn leyfir.
18. (1) Námsskrár og áætlanir um starfsþjálfun ættu að vera þannig úr gerði gerðar að þær geri nemendum auðveldara að laga sig að breyttum aðstæðum síðar meir innan viðkomandi starfsgreinar.
- (2) Með þetta í huga ætti að gæta eftirfarandi atriða, þegar um er að ræða starfsþjálfun, sem varir lengri tíma:
- a. að gera nemandanum kleift að öðlast viðtækan skilning á þeim fræðilegu grundvallaratriðum, sem starfsgrein sú, er hann starfar við, hvílir á;
- b. að forðast of mikla sérhæfni í fyrri hluta þjálfunarinnar, þannig að nemandinn geti öðlast sem viðtækasta undirstöðufræðslu í hagleik og kunnáttu, sem síðari sérhæfni gæli byggzt á þannig að viðbótarþjálfunar eða endurþjálfunar sé ekki þörf nema í sem minnstum mæli.
19. (1) Fyrirtæki, sem ekki hafa aðstöðu til þess að veita nemum sínum alla þá fræðilegu og verklegu þekkingu, sem þörf er á í ákveðinni starfsgrein ættu, eftir því sem þörf krefur —
- a. að gera ráðstafanir til þess að bæta úr þessu með þjálfun í þjálfunarstöðvum, á þann hátt sem hér segir:
- (i) með því að leysa starfsfólk frá störfum að degi til;
- (ii) með því að leysa starfsfólk frá störfum um nokkurra vikna skeið á ári hverju;
- (iii) með því að láta skiptast á allläng tímabil þjálfunar innan fyrirtækisins og allläng tímabil náms í þjálfunarstöðvum;
- (iv) með öðrum tiltækum ráðstöfunum um starfsþjálfun í samræmi við gildandi reglugerðir;
- b. að stofna til sameiginlegrar starfsþjálfunar, sem feli í sér afnot þeirrar aðstöðu til starfsþjálfunar, sem fyrirtækin hafa yfir að ráða, eða stofnun sameiginlegrar þjálfunarstöðvar.
- (2) Nemendur frá fyrirtækjum, sem stunda þjálfun í þjálfunarstöðvum samkvæmt þeim ráðstöfunum, sem nefndar eru í tölulið (1), ættu að fá leyfi frá vinnu sinni með óskertum launum.

20. Fyrirtæki ættu að vinna saman að því að hrinda í framkvæmd áætlunum um starfsþjálfun, sem þjálfunarstöðvar hafa stofnað til, með því að veita nemendum í stöðvunum verklega þjálfun í starfi um verulegan tíma.
21. (1) Viðbótarnámskeið í frekari almennri menntun og tæknilegri þekkingu, sem við kemur starfsgreinum þeim, er þeir starfa við, ætti að starfrækja fyrir alla unga starfsmenn, allt til 18 ára aldurs, sem ekki njóta annarrar starfsþjálfunar.
- (2) Þessum ungu starfsmönnum ætti að vera gert kleift að sækja þessi námskeið með þeim skilyrðum, sem nefnd eru í 19. grein (2).
22. Viðbótarnámskeið ætti að starfrækja fyrir alla starfsmenn, sem óska eftir því að auka þekkingu sína, hvort sem er almenns eðlis eða á sviði tækni og verzlunar, þannig að það geti orðið til þess að auðvelda frekari frama þeirra og þannig stuðlað að bættum efnahag þeirra og félagslegri aðstöðu.
23. Tímalengd starfsþjálfunarinnar ætti að ákvarða með tilliti til eftirfarandi atriða:
 - a. þess stigs hagleiks og þekkingar, sem öðlast á;
 - b. hvaða aðferðir og fyrirkomulag nota á við starfsþjálfunina;
 - c. lágmarks inntökuskilyrða og þeirrar hæfni, sem nemendur búa yfir, þegar þjálfun þeirra hefst;
 - d. þegar um fullorðið fólk er að ræða, þá skal einnig tekið tillit til starfsreynslu þess og einnig þess hver þörf er á því að þjálfna það til starfa svo fljótt sem auðið er.
24. Gefa skal sérstakan gaum að þjálfun ungs fólks og fullorðinna, sem er líkamlega eða andlega fatlað, svo og að þjálfun ungs fólks, sem er litlum gáfum gætt.

VIII. Aðferðir og leiðir til starfsþjálfunar.

25. Aðferðum við starfsþjálfun ætti að haga í samræmi við eðli þjálfunarnámskeiðsins, menntunarstig, aldur og hag nemenda og fyrri reynslu þeirra í starfi.
26. Almenn ætti að taka þá aðferð við kennsluna, þar sem nemendurnir geta tekið virkan þátt í henni, fram yfir hina, sem byggist á því að kennarinn einn lýsi fyrir nemendum námsefninu og skýri það.
27. (1) Starfsþjálfunin ætti að vera eins raunhæf og unnt er.
- (2) Verklega þjálfun í þjálfunarstöðvum ætti að veita m. a. á eftirfarandi hátt:
 - a. aðstæðum og umhverfi ætti að svipa til þess, sem er í fyrirtækjunum sjálfum, að svo miklu leyti sem unnt er;
 - b. ef það er talið nauðsynlegt og á annan hátt mögulegt, ætti starfsþjálfunin að fela í sér tímabil verklegrar reynslu á vinnustað, þannig að nemendur geti ekki aðeins kynnt þvi andrúmslofti, sem við vinnuna skapast, heldur geti einnig öðlazzt eðlilegan hraða og hagleik við vinnu sína.
28. (1) Verkleg þjálfun, sem veitt er annars staðar en á vinnustað, ætti að taka til sýnikennslu á þeim vinnuaðferðum, sem notaðar eru í viðkomandi starfsgrein og einnig ætti hún, þegar tiltækilegt er, að taka til raunverulegrar starfsreynslu.
- (2) Slík verkleg reynsla ætti að miðast við þarfir þær, sem þjálfunin gerir í því efni, og gera ætti ráðstafanir til að tryggja það, að nemendur keppi ekki um vinnu á móti almennum starfsmönnum.
- (3) Þegar starfsþjálfun fer fram við vinnuna sjálfa, ættu þau störf, sem nemendum eru falin, að hafa raunverulegt þjálfunargildi.
29. Æfingar, sem nemendur eru látnir framkvæma, í sambandi við starfsþjálfun þeirra, ættu að vera þannig að þeir geti séð hagnýtt gildi þeirra og sömuleiðis þeirra hluta, sem þeir kunna að framleiða.
30. (1) Flóknum vinnuaðferðum þarf að deila niður í einföldustu þætti þeirra.
- (2) Nemendur ættu að fá tækifæri til að öðlast leikni í einni aðferð, áður en

þeir taka til við hina næstu, og þeir ættu að fikra sig áfram frá hinum einföldu aðferðum til hinna flóknari.

31. Kennsla í fræðilegum greinum, þar með talin almenn fræðsla, sem telst hluti af þjálfunarnámskeiði, ætti að vera í sem nánustum tengslum við þá starfsgrein, sem í hlut á.
32. Tæknifræðsla, og önnur skyld kennsla, ætti að vera tengd hinni verklegu þjálfun, og henni sameinuð, þegar mögulegt er.
33. Sá hraði, sem fylgt er við kennsluna, ætti að miðast við námsgetu nemenda, og gera ætti ráð fyrir endurskoðun í því efni við og við.
34. Gera ætti ráðstafanir til þess að hafa kerfisbundna og tæknilega umsjón með nemendum, einkum þegar um þjálfun á vinnustað er að ræða.
35. Halda ætti nákvæmar skýrslur um þjálfun nemenda og framfarir þeirra; auk þess ætti að hvetja nemendur sjálfa til að halda nákvæmar skýrslur um þá þjálfun, sem þeir hafa fengið, og að fylgjast með eigin frammistöðu og framförum.
36. (1) Nota ætti hjálpartæki til að létta undir við námið og kennsluna, hvenær sem tiltækilegt þykir.
(2) Stjórnvöld þau, sem fara með mál, er varða starfsþjálfun, ættu að fylgjast með nýjungum á sviði starfsþjálfunar, og þeirra aðferða og tækja, sem notuð eru, og ættu þau jafnframt að tryggja notkun slíkra tækja við kennsluna.
37. Þegar aðstaða til starfsþjálfunar, einkum í einangruðum héruðum, uppfyllir ekki þarfir íbúanna fyrir starfsþjálfun, ætti að bæta þá aðstöðu upp á þann hátt sem hér segir, eftir því sem tiltækilegt þykir:
 - a. bréfanámskeiðum, sem miðuð séu við aðstæður á hverjum stað;
 - b. ráðningu farkennara og notkun sýnikennslu, sem hægt er að flytja stað úr stað;
 - c. kennslu í útvarpi, sjónvarpi eða með öðrum fjölmiðlunartækjum;
 - d. með því að veita nemendum leyfi frá störfum hjá fyrirtækjum um nokkurra vikna skeið á ári hverju til þess að þeir geti sótt námskeið í þjálfunarstöðvum í öðrum byggðarlögum;
 - e. með því að veita námsstyrki eða aðra aðstoð, svo sem grciðslu ferða- og upphaldskostnaðar, er geri nemum kleift að öðlast starfsþjálfun í öðrum byggðarlögum.

IX. Starfsþjálfun á vegum fyrirtækja.

38. (1) Vinnuveitendur ættu að marka ákveðna stefnu í þeim málum, sem lúta að því að sjá þeim fyrir þjálfuðu starfsfólki í nægilega ríkum mæli.
(2) Hvetja ætti einstaka vinnuveitendur, eða hópa vinnuveitenda, til þess að skipuleggja kerfisbundnar áætlanir um starfsþjálfun, eftir því sem þarfir þeirra segja til um og tæknilegar aðstæður í vinnustöðvum þeirra leyfa.
39. Vinnuveitendur ættu að ráðgast við fulltrúa starfsmanna sinna og eiga samvinnu við þá um undirbúning og framkvæmd starfsþjálfunar á vegum fyrirtækja sinna.
40. Starfsþjálfun innan hvers fyrirtækis ætti að vera undir yfirstjórn sérstakrar deildar, eða sérstakra starfsmanna, eins eða fleiri, sem beri ábyrgð á öllu því, er lýtur að starfsþjálfun innan viðkomandi fyrirtækis, hvort sem þeir vinna eingöngu að slíkum málum eða aðeins að nokkru leyti. Í því efni skyldi farið eftir þörfum fyrirtækisins fyrir þjálfun starfsfólks, og eðli þeirrar þjálfunar.
41. Störf þeirra deilda eða einstakra starfsmanna, sem bera ábyrgð á starfsþjálfun, ættu að fela í sér eftirfarandi:
 - a. að gera tillögur um þá stefnu, sem fylgt skal í þjálfunarmálum;
 - b. að tryggja það, í samráði við þær starfsdeildir, sem hlut eiga að máli, að undirbúnar séu áætlanir um nauðsynlega starfsþjálfun;

- c. að taka þátt í vali nemenda til þjálfunar;
 - d. tryggja þjálfun leiðbeinenda;
 - e. að hafa eftirlit með starfsþjálfun innan fyrirtækisins;
 - f. að gera ráðstafanir af hálfu fyrirtækisins varðandi hvers konar þjálfun, sem fara þarf fram utan fyrirtækisins sjálfs, svo og að sjá um samræmingu milli slíkrar þjálfunar og þeirrar, sem veitt er innan fyrirtækisins;
 - g. að halda skýrslur um framfarir nemenda;
 - h. að sjá um að tekið sé tillit til viðurkenndra aðferða við starfsþjálfunina;
 - i. að hafa á hendi eða stuðla að rannsóknum og athugunum til þess að tryggja það, að starfsþjálfunin komi að fullum notum og sé framkvæmd samkvæmt kröfum tímans.
42. Þar sem tiltækilegt þykir ættu fyrirtæki að sjá svo um að nemar fái í fyrstu allviðtæka undirbúningsþjálfun, er vari í verulegan tíma og fari eingöngu fram í þjálfunarstöðvum, í þeim tilgangi að stytta þann heildartíma, sem þarf til þjálfunarinnar, og auka á gildi og áhrif hennar.
43. Á öllum stigum þjálfunarinnar, hvort sem hún fer fram innan fyrirtækisins eða utan, ættu nemendur að vera undir almenntri umsjá og stjórn þeirrar deildar eða þess starfsmanns, sem ber ábyrgð á framkvæmd þjálfunarinnar.
44. (1) Þegar ákveða skal hvar starfsþjálfun á að fara fram innan einstaks fyrirtækis, ætti að hafa eftirfarandi atriði í huga:
- a. eðli og tímalengd þjálfunarinnar;
 - b. fjölda nemenda, aldur þeirra, þekkingu og reynslu;
 - c. hvort þjálfun á vinnustað sé fullnægjandi fyrir viðkomandi starfsgrein;
 - d. þrengsli, hávaða eða truflun, öryggi og hættu, sem kann að vera á því að tæki eða vélar á venjulegum vinnustað verði fyrir hnjaski eða skemmdum;
 - e. hvort spara megi tíma, tæki eða leiðbeinendur;
 - f. kostnað við notkun annarra húsakynna;
 - g. þörfina á því að auðvelda, svo sem frekast er unnt, tilfærslu starfsfólks frá þjálfun til fullkominna starfa;
 - h. tæknilega möguleika fyrirtækisins.
- (2) Hvenær sem gjörlegt er ætti fyrirtæki þegar í upphafi þjálfunarinnar að leggja til sérstakt húsnæði, eða að minnsta kosti sérstakt vinnusvæði, sem notað sé eingöngu til starfsþjálfunar. Sömuleiðis ætti það að leggja til þau tæki, sem nauðsynleg eru við þjálfunina, þegar í upphafi hennar, ef gjörlegt er.
45. (1) Fyrirtæki ættu að sjá um móttöku allra nýrra nema, þegar þeir koma fyrst til þjálfunar, og kynna fyrir þeim það nám og þau störf, sem þeirra biður.
- (2) Sérstakan gaum þarf að gefa ungum nemum, og kynna fyrir þeim námið og starfið í ljósi þeirrar þjálfunar, sem þeir þurfa á að halda.

X. Iðnnám.

46. Kerfisbundin þjálfun um lengri tíma, til starfa á sviði viðurkenndrar starfsgreinar, sem veitt er innan einhvers fyrirtækis eða á vegum sjálfstæðs iðnaðarmanns, ætti að vera framkvæmd samkvæmt skriflegum samningi um iðnnám og háð viðurkenndum reglum.
47. Við ákvörðun um það hvort tiltekin starfsgrein skuli viðurkennd til iðnnáms, ætti að hafa eftirfarandi atriði í huga:
- a. það stig hagleiks og fræðilegrar tækniþekkingar, sem nauðsynleg er innan þeirrar starfsgreinar, er í hlut á;
 - b. það tímabil þjálfunar, sem nauðsynlegt er, til þess að öðlast þann hagleik og þekkingu, sem krafizt er;

- c. gildi iðnnáms og þjálfunar til þess að öðlast þann hagleik og þekkingu, sem krafist er;
- d. atvinnuástandið innan þeirrar starfsgreinar, sem í hlut á, og hverjar fram-
tíðarhorfur eru í því efni.
48. (1) Samning um iðnnám ætti að gera annað hvort við einstakan vinnuveitanda, hóp vinnuveitenda, eða stofnun svo sem iðnfræðslunefnd eða þjónustu, sem á sérstaklega að hafa með höndum yfirstjórn mála, er lúta að iðnnámi, eftir því sem hentugast þykir miðað við aðstæður í hverju landi um sig.
- (2) Þegar iðnnemi er undir lögaldri ætti foreldri, forráðamaður eða annar lög-
legur fulltrúi að eiga aðild að námssamningnum.
- (3) Aðilar þeir, sem eru ábyrgir fyrir iðnnáminu, ættu annað hvort sjálfir að vera fullfærir um að láta í té starfsþjálfunina, eða sjá til þess að hún verði látin í té af þeim, sem hafa réttindi til þess. Aðstaða sú, sem fyrir hendi er til að veita iðnnema þjálfun, ætti að vera þannig úr garði gerð að hann geti öðlazzt fullkomna starfsþjálfun í þeirri starfsgrein, sem verið er að mennta hann í.
- (4) Viðkomandi stjórnvöld ættu að vera í stöðugu sambandi við fyrirtæki það eða einstakling, sem lætur þjálfunina í té, og ættu þau að tryggja það, með reglulegu eftirliti og umsjón, að náð verði því takmarki, sem iðnnámið á að miða að.
49. Námssamningurinn ætti að taka til eftirfarandi atriða:
- a. hann á að fela í sér beina eða óbeina skuldbindingu um að veita starfs-
þjálfun í tiltekinni starfsgrein gegn sams konar skuldbindingu um að þjóna sem iðnnemi þann tíma, sem iðnnámið stendur yfir;
- b. hann á að taka til þeirra reglna eða ákvæða reglugerða, sem gilda í þeirri starfsgrein, sem í hlut á, eftir því sem nauðsynlegt er eða æskilegt fyrir samningsaðilana;
- c. í honum eiga að felast ákvæði um þau gagnkvæmu réttindi og skuldbind-
ingar, sem kunna að skipta máli og ekki er tekið fram um á annan hátt, þar með talin sérstaklega ákvæði um að farið verði eftir öllum reglum um öryggi;
- d. ákvæða um lausn á deilum, sem upp kunna að koma milli samningsaðila.
50. Eftir því sem aðstæður í hverju landi um sig segja til um, má ákveða það hvort tiltekin starfsgrein er viðurkennd til iðnnáms, og setja reglur og ákveða um kröfur þær, sem vísað er til í 46. grein, á þann hátt, sem hér segir:
- a. með setningu laga;
- b. með ákvörðun þeirra stofnana, sem sérstaklega hefur verið falið að hafa á hendi yfirstjórn mála, er lúta að iðnnámi;
- c. með gagnkvæmum samningum; eða
- d. með einhverjum þessara aðferða sameiginlega.
51. Sérstakt tillit skyldi tekið til eftirfarandi atriða, þegar ákveða skal um kröfur og setja reglur varðandi iðnnám í hverri einstakri starfsgrein, sem viðurkennd er til iðnnáms:
- a. hvaða kröfur skuli gera til menntunar þeirra, sem hefja iðnnám, og hver lágmarksaldur þeirra skuli vera;
- b. hvaða ákvæði skuli gilda varðandi þau sérstöku tilfelli, þegar aldur starfs-
manna fer fram úr tilgreindum hámarksaldri;
- c. hve langan tíma iðnnámið skuli vara, þar með talinn reynslutími, og skal þá haft í huga hvaða kröfur eru gerðar til hagleiks og tæknilegrar þekkingar;
- d. hvaða aðferðum megi beita til þess að ákveða að hve miklu leyti stytta megi venjulegan námstíma með hliðsjón af undangenginni þjálfun eða reynslu, sem neminn kann að hafa öðlazzt, eða framförum hans meðan á námstim-
anum stendur;

- e. hvaða áætlun gildir um framgang starfsins, þá fræðilegu undirstöðufræðslu og aðra skylda fræðslu, sem látin skal í té, og hve löngum tíma skal varið til hvers þáttar;
 - f. hvaða ákvæði gildi um að veita nemum leyfi frá störfum að degi til, eða veita þeim leyfi frá störfum á einhvern annan hátt, eftir því sem tiltækilegt er, til þess að þeir geti sótt nám við þjálfunarstöð;
 - g. hvaða próf skuli haldin meðan á námstíma stendur, eða að honum loknum;
 - h. hvaða skirteini eða réttindi fást að námstíma loknum;
 - i. hvers konar ákvæði, sem lúta að því að ákvarða fjölda iðnnema, til að tryggja nægilega þjálfun, koma í veg fyrir offjölgun í starfsgreininni og mæta mannaflaþörfinni innan þeirra sérstöku greinar atvinnulífsins, sem í hlut á;
 - j. hvaða laun iðnnemi fær greidd og hvaða launahækkunarir hann fær meðan á iðnnámi stendur;
 - k. hvaða ákvæði gilda um launagreiðslur ef iðnnemi er fjarverandi sökum veikinda;
 - l. slysatryggingar;
 - m. orlof og fridagar á launum;
 - n. hvaða umsjón skuli við höfð um iðnnámið, í hverju hún skuli fólgin og hversu víðtæk hún skuli vera, sérstaklega til þess að tryggja það að farið sé eftir þeim reglum, sem eiga að gilda um iðnnámið, að þjálfun iðnnema sé í fullu samræmi við þær kröfur, sem gera þarf til hennar, og að hæfilegt samræmi sé í þeim aðstæðum, sem iðnnámið fer fram við;
 - o. skrásetningar iðnnema og námssamninga hjá viðkomandi stjórnvöldum;
 - p. form og efni námssamningsins.
52. Iðnnemar ættu að fá sem yfirgripsmesta fræðslu um öryggi á vinnustað, þannig að þeir tilcinki sér fastar venjur við notkun verkfæra og véla, er lúta að sem mestu öryggi fyrir þá, og læri jafnframt að fara eftir almennum öryggisreglum. Í þessu sambandi skal tekið fullt tillit til nýrrar áhættu, eftir því sem hennar verður vart.
53. (1) Enginn ætti að hefja iðnnám nema að undangenginni staðgóðri starfsfræðslu, svo og læknisskoðun, er miðist við þær kröfur, sem gera þarf í viðkomandi starfsgrein.
- (2) Þegar starfsgrein sú, sem í hlut á, krefst mikils líkamspreks eða sérstakra, andlegra hæfileika, þá ætti að skilgreina og sannprófa slíka eiginleika með sérstökum prófum.
54. (1) Með samkomulagi milli allra þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, ætti að vera mögulegt fyrir iðnnema að flytjast frá einni starfsgrein til annarrar, þegar slíkt er talið nauðsynlegt eða æskilegt til þess að hann geti lokið starfsþjálfun sinni.
- (2) Þar sem um margs konar iðnnám er að ræða, þá ætti að vera mögulegt, með samkomulagi milli allra aðila, fyrir iðnnema að flytjast til úr einni tegund iðnnáms til annarrar, þegar hæfileikar hans sýna að slíkt væri honum í hag.

XI. Örvun starfsþjálfunar.

55. (1) Komið skyldi á fót föstu skipulagi til örvunar starfsþjálfunar —
- a. til aðstoðar við að mæta brýnni þörf fyrir þjálfað starfslið og til þess að flýta fyrir iðnvæðingu;
 - b. sem stöðugri aðferð til þess að aðstoða mannafla við að laga sig að tækilegri framþróun;
 - c. fyrir þá hópa fólks, sem þurfa að öðlast starfshæfni skjótlega, til þess að geta aflað sér atvinnu, er hæfir aldri þess og starfsgetu;
 - d. til þess að flýta fyrir almennri þróun á sviði atvinnu- og félagsmála.

- (2) Hið fasta skiplag til örvunar starfsþjálfunar ætti að byggjast á tiltækum og viðurkenndum aðferðum á sviði fræðslumála. Slík þjálfun ætti að vera framkvæmd af leiðbeinendum, sem sérstaklega eru þjálfaðir til þeirra starfa, og hún ætti að byggjast á hlutstæðri tækni, sem er í beinum tengslum við störf í iðnaði og framleiðslu.
56. Örvun starfsþjálfunar ætti að inna af hendi á þann hátt, sem hér greinir:
- með því að við hafa strangar reglur við val þeirra, sem valdir eru til slíkrar þjálfunar, til þess að tryggja, eftir því sem unnt er, að allir slíkir nemar hafi getu til þess að tileinka sér þá þekkingu og leikni, sem ætlazt er til á þeim takmarkaða tíma, sem þjálfunarnámskeið stendur yfir. Þeir starfsmenn, sem einnig hafa til að bera reynslu í starfi, er kemur í góðar þarfir fyrir hinar nýju atvinnugreinar, ættu að ganga fyrir öðrum um slíka þjálfun;
 - með því að fylgja nákvæmri námskrá, þar sem tekið sé fram um þær æfingar og skylda fræðslu, sem veita mun nemendum þann hagleik og þekkingu, sem þeim er brýnust þörf á að öðlast til þess að geta aflað sér atvinnu, en námskráin sé byggð á tæmandi skilgreiningu þeirrar atvinnugreinar, sem í hlut á, og þeirra starfa, sem krafizt er innan hennar;
 - með því að leggja aðaláherzluna á verklega þjálfun og kennslu í nauðsynlegustu atriðum fræðilegrar tækniþekkingar, en slík kennsla fari fram samhliða hinni verklegu þjálfun;
 - með því að takmarka fjölda nemenda í hverjum bekk þannig að unnt sé að veita hverjum og einum sem nánasta tilsögn og umsjón í öllum þáttum þjálfunarinnar, miðað við þann tíma, sem fyrir hendi er:
 - með því að nota þær aðferðir og leiðir til þjálfunar, sem nefndar eru í 25. til 37. grein, eftir því sem ástæða þykir til og sérstaklega þykir við eiga.
57. (1) Eftir að hafa lokið slíku þjálfunarnámskeiði ætti, svo fljótt sem auðið er, að koma nemandanum í vinnu þar sem hann geti, eftir hæfilegan reynslu- og kynningartíma, lokið við þjálfun sína með frekari þjálfun í starfi, ef nauðsynlegt reynist.
- (2) Þeir sem lokið hafa námskeiði í örvaðri starfsþjálfun, og stunda síðan framleiðslustörf, ættu að hafa tækifæri til þess að sækja námskeið, sem ætti að skipuleggja í þeim tilgangi að efla fjölbærni þeirra og hagleik.

XII. Þjálfun umsjónarmanna upp að verkstjórstigi.

58. (1) Umsjónarmenn ættu að fá sérstaka þjálfun, sem tryggi það að þeir séu færir um að gegna skyldustörfum sínum.
- (2) Slík þjálfun ætti, eftir því sem nauðsynlegt er, að taka til eftirfarandi atriða:
- frekari almennrar menntunar;
 - frekari tækniþjálfunar og reynslu;
 - tilsagnar í:
 - störfum, sem fela í sér mannaforráð, þar með talið samband vinnuveitenda og vinnuþega í iðnaði og leiðir til að koma í veg fyrir og leysa vinnudeilur;
 - stjórnunarstörfum;
 - kennsluaðferðum;
 - öryggi og heilbrigði á vinnustöðum;
 - samræmingu starfa á ýmsum sviðum þess rekstrar, sem fyrirtækið hefur með höndum;
 - sambæfingu að ábyrgðarstörfum;
 - starfsaðferðum;
 - vinnulöggjöf;

- (ix) sérhæfðum þáttum rekstrarins, svo sem verkaskipan, vinnutilhögun og kostnaðarútreikningum.
- (3) Umsjónarmenn ættu að hafa fengið nægilega þekkingu á starfsfræðslu til þess að gera sér ljóst hlutverk hennar og mikilvægi, og nauðsyn þess að sérfræðingar hafi slíka fræðslu með höndum.
59. (1) Meginreglan við þjálfun umsjónarmanna ætti að vera sú að þjálfunin fari fram áður en þeir takast á hendur umsjónarstörf. Sé þetta eigi mögulegt, ætti slík þjálfun að fara fram strax eftir að þeir hafa tekizt slík störf á hendur.
- (2) Umsjónarmenn ættu að fá frekari þjálfun, og ætti slík þjálfun að vera stöðugt fyrir hendi. Slík þjálfun ætti m. a. að fela í sér upplýsingar um þróun fyrirtækisins almennt og einnig innan þess tæknilega sviðs, sem umsjónarmaðurinn starfar á. Slík þjálfun ætti í sérstökum tilvikum að mynda grundvöll að frekari frama innan fyrirlækisins.

XIII. Kennaralið í þjálfunarstöðvum og fyrirtækjum.

60. Við ráðningu kennara og leiðbeinenda ætti að hafa eftirfarandi atriði hugföst:
- almenna menntun, tæknilega hæfni, réttindi og reynslu, skapgerð og persónuleika og hneigð til kennslu;
 - hverjir nemendur þeirra eiga að vera;
 - eðli kennslunnar;
 - þær kröfur og reglur, sem gilda í landinu sem heild.
61. Kennara, sem eiga að bera ábyrgð á almennum greinum fræðslunnar, ætti að velja úr hópi þeirra, sem hafa til að bera þá hæfni og réttindi, sem venjulega er krafizt af þeim, er annast kennslu í slíkum greinum í almennum menntastofnunum.
62. Kennara, sem eiga að bera ábyrgð á kennslu í tæknigreinum, ætti að velja með tilliti til þeirrar þjálfunar, sem látin skal í té —
- úr hópi þeirra, sem öðlazzt hafa þjálfun og allmargra ára verklega reynslu í þeirri starfsgrein, sem þeir eiga að veita tilsögn í, auk þess sem þeir ættu að hafa til að bera góða fræðilega þekkingu í þeirri grein, svo og góða almenna menntun og hæfileika til að annast kennslu og tilsögn; eða
 - úr hópi þeirra, sem hafa að baki sér hæfilega verklega reynslu auk prófs eða skirteinis, sem veitt hefur verið að loknu námi í háskóla, tækniskóla eða kennaraskóla, eða við stofnun, sem hefur hlotið samþykki yfirvaldanna.
63. (1) Kennara, sem eiga að bera ábyrgð á verklegum námskeiðum, ætti að velja úr hópi þeirra, sem hafa til að bera þá hæfni og réttindi, sem tilgreind eru í staflíð a. í 62. grein.
- (2) Þegar eigi er unnt að fá kennara fyrir verklegt námskeið með öllum þeim réttindum og hæfni, sem æskilegt er, ætti að leggja meiri áherzlu á tæknilega kunnáttu, reynslu í starfi og hæfileika til að stunda kennslu, en mikla almenna menntun.
64. Kennara, sem eiga að bera ábyrgð á kennslu í umsjónarstörfum, ætti að velja úr hópi þeirra, sem hafa þegar fengið þjálfun sem umsjónarmenn og hafa nokkurra ára hagnýta reynslu að baki í þess háttar störfum, auk þess að hafa að baki haldgóða tæknilega þjálfun og góða almenna menntun.
65. Eftir því sem unnt er ætti að færa sér í nyt reynslu starfsmanna úr iðnaði og framleiðslu, verzlun eða öðrum starfsstéttum, með því að ráða þá sem stundakennara í sérstökum greinum í þjálfunarstofnunum.
66. Það ætti að vera meginregla að veita væntanlegum kennurum sérstaka undirbúningsþjálfun áður en þeir hefja starf sem kennarar við þjálfunarnámskeið. Sé þetta ekki mögulegt þá ætti að veita þeim slíka þjálfun þegar eftir að þeir hefja slík kennslustörf.

67. (1) Kennarar, sem starfa annað hvort að öllu leyti eða sem stundakennarar, við þjálfunarstofnanir eða í fyrirtækjum, ættu að fá sérstaka þjálfun, þar með talin æfingakennsla, til þess að þroska hæfni sína til kennslustarfa og jafnframt, þar sem þess gerist þörf, til að efla tæknikunnáttu þeirra og almenna menntun.
- (2) Þá æfingakennslu, sem um getur hér að framan, og kennaralið þjálfunarstöðva stundar, ætti að auðvelda með því að sameina þjálfunarstöðvar kennara og nemenda, eftir því sem mögulegt er.
- (3) Kennarar við þjálfunarstöðvar og í fyrirtækjum ættu að fá sérstaka tilsógn í öryggi á vinnustað, þar sem sérstök áhærsla er lögð á öruggar vinnuaðstæður og beitingu áhalda og véla, sem notuð eru við störf í þeim starfsgreinum, er þeir kenna í.
- (4) Þeir sem stunda kennslu ættu stöðugt að geta aflað sér frekari þjálfunar. Slíkri þjálfun skyldi hagað á þann hátt að kennurunum sé gert mögulegt að fylgjast vel með þróuninni á sviði þeirrar kennslu, sem þeir annast, og tæknilegum framförum, og þannig að það geti stuðlað að frama þeirra í starfi sínu.
- (5) Eftirfarandi atriði ætti einnig að hafa í huga sem leiðir til frekari þjálfunar:
- skipulagning reglubundinna heimsóknna í fyrirtæki eða þjálfunarstofnanir, svo og skipulagningu sérstakra námskeiða, svo sem starfsnámskeiða, eða námskeiða um helgar og á frídögum fyrir einstaka kennara eða kennarahópa;
 - veiting styrkja í sérstökum tilvikum, svo sem ferða- eða rannsóknarstyrkja, eða sérstaks orlofs, með eða án launa.
68. Kennarar, sem kenna almennar námsgreinar og tæknilegar fræðigreinar ættu að afla sér þekkingar um þá starfsgrein, sem nemendur þeirra hyggjast starfa við, eða stunda þegar. Ætti slíkt að vera hluti af þjálfun kennaranna.
69. Kennarar, sem starfa að öllu leyti við kennslu í verklegum námskeiðum á vegum þjálfunarstofnana, ættu að hafa tók á því að leggja við og við stund á verkleg störf í fyrirtækjum.
70. Þjálfun kennara og leiðbeinenda, sem bera ábyrgð á kennslu í umsjónarstörfum, ætti að fela í sér frekari fræðslu í þeim greinum, sem nefndar eru í 58. grein, eftir því sem þörf krefur, svo og tilsögn í aðferðum og tækni við þjálfun í umsjónarstörfum.
71. (1) Til þess að laða hæfa kennara að störfum í þjálfunarstöðvum, og koma í veg fyrir að þeir hverfi frá þeim störfum, ættu kjör þeirra að vera vel sambærileg við þau kjör, sem starfsfólk með svipaða þekkingu og reynslu nýtur annars staðar við önnur störf en kennslu, jafnframt því sem fullt tillit sé tekið til hinnar auknu hæfni, sem krafist er af þeim, er kennlustörf stunda.
- (2) Svipuð stefna ætti að gilda um þá, sem annast kennslu innan fyrirtækja.
72. Í þeim löndum, þar sem ákveðnar reglur gilda fyrir landið allt varðandi hæfni kennara, sem starfa eiga í þjálfunarstöðvum, ætti að hvetja fyrirtæki þau, sem hafa starfsþjálfun á sínum vegum, til þess að láta sömu reglur gilda, þegar það þykir við eiga, um þá, sem stunda slíka kennslu af þeirra hálfu.
73. Þeir, sem hafa með höndum umsjón eða tæknilega stjórn þjálfunarstofnana ættu, ef mögulegt er, að hafa aflað sér reynslu bæði í framleiðslustörfum og kennlustörfum.
74. Þjálfunarstöðvar og starfslíð þeirra ætti að vera háð reglulegu eftirliti og umsjón af hálfu hlutaðeigandi stjórnvalda, í þeim tilgangi að veita því aðstoð í starfi sínu og bæta þá kennslu, sem látin er í té.

XIV. Lönd, sem eru að iðnvæðast.

75. (1) Lönd, sem eru að iðnvæðast, ættu að stefna að því að koma smám saman á fót hjá sér kerfi til starfsþjálfunar, samkvæmt ákvæðum þessara tillagna.
- (2) Slík lönd ættu sérstaklega að gefa gaum að því að gera skrár yfir mannaflapörf sína, bæði í nútíð og framtíð, og mannaflaforða sinn.
- (3) Gera ætti áætlun um stofnun þjálfunarstöðva, sem fullnægi þessum þörfum, en í því sambandi ætti að láta eftirfarandi atriði ganga fyrir, eftir því sem aðstæður krefjast:
- þjálfun og menntun nægilega margra hæfra kennara;
 - að sjá fyrir nauðsynlegu húsnæði til starfsþjálfunar, og búnaði í það;
 - að semja hæfilegar áætlanir um þá þjálfun, sem mest er þörf fyrir, þar með talin námskeið í lestri fyrir þá nema, sem ekki eru læsir.
- (4) Áætluninni ætti að hrinda í framkvæmd samkvæmt þeim forgangsrétti um einstaka liði hennar, sem ákveðinn hefur verið.
76. (1) Lönd þau, sem eru að iðnvæðast, ættu að gera sérstakar ráðstafanir til þess að mæta þörf eftirfarandi fólks fyrir starfsþjálfun:
- íbúa í þeim dreifbýlishéruðum, þar sem fyrirhugað er að koma á fót iðnvæðingu;
 - íbúa, sem hafa flutzt úr sveitum og leita sér að vinnu í iðjuverum þéttbýlisins.
- (2) Slíkar aðgerðir ættu að taka til stofnunar sérstakra þjálfunarstöðva, einkum í dreifbýlishéruðum, svo sem fábrotinna verkstæða, þar sem hægt er að veita nokkra þjálfun í fáeinum undirstöðugreinum iðnaðar, og jafnframt er hægt að koma við þjálfunaraðferðum, er henta menntunar- og fræðslustigi þess fólks, sem þarf á slíkri þjálfun að halda í viðkomandi héruðum dreifbýlisins.
- (3) Við framkvæmd þeirrar starfsþjálfunar, sem fer fram í dreifbýlishéruðum, ætti að taka til greina möguleika, sem kunna að vera á því að koma á fót nýjum atvinnugreinum, sem færa sér í nyt náttúruauðæfi viðkomandi héraðs og samræmast menningarvenjum íbúanna í því.
77. Lönd þau, sem eru að iðnvæðast, ættu að athuga hvort ekki geti verið hagkvæmt að
- koma á fót sameiginlegum þjálfunarstöðvum með nærliggjandi löndum;
 - afla alþjóðlegrar aðstoðar við framkvæmd áætlana um starfsþjálfun.

XV. Alþjóðleg samvinna.

78. (1) Þjóðir ættu að hafa samvinnu hvor við aðra í eins ríki mæli og unnt er, og þar sem þess er óskað, með aðstoð alþjóðastofnana.
- (2) Slík samvinna ætti að taka til eftirfarandi atriða:
- skipulagningar námskeiða og funda, sem fjalla um þau mál, er að starfsþjálfun lúta og fela í sér gagnkvæma hagsmuni landanna;
 - að leggja til aðstöðu til starfsþjálfunar, sem geri völdum hópum starfsmanna frá öðrum löndum, annað hvort í formi skiptiheimsókna eða á annan hátt mögulegt að afla sér hagleiks, þekkingar og reynslu, sem þeir eigi geta öðlast í sínu eigin landi;
 - skipulagningar utanferða þeirra, sem starfa að starfsþjálfun, er geri þeim kleift að kynna sér það hvernig starfsþjálfun er háttað í öðrum löndum;
 - lán á reyndu starfsfólki frá einu landinu til annars, til skipulagningar á starfsþjálfun;
 - skiptiheimsókna þjálfaðra starfsmanna;

- f. samningar og útbreiðslu kennslubóka, og annars efnis, sem notað er við starfsþjálfun;
 - g. skipta á upplýsingum, sem lúta að starfsþjálfun;
 - h. aðstoðar við lönd þau, sem eru að iðnvæðast, til að koma á fót hjá sér og þróa kerfi til starfsþjálfunar, og til að eignast eigin kennara og leiðbeinendur.
79. Gefa ætti gaum að eftirfarandi:
- a. hagkvæmni þess og möguleikum á því að samhæfa þjálfun í sömu starfsgrein innan ákveðins fjölda landa í þeim tilgangi að auðvelda aðgang að þjálfun í öðrum löndum, og jafnframt að auðvelda þjálfuðum starfsmönnum að leita sér atvinnu í öðrum löndum;
 - b. möguleikum á gagnkvæmri viðurkenningu prófskírteina í þeim löndum, þar sem starfsþjálfun í sömu atvinnugrein er svipuð eða hin sama;
 - c. samningu og skiptum á upplýsingum, sem varða störf í ýmsum starfsgreinum, svo sem starfslýsingum, sem geta komið að sérstaklega góðum notum við þjálfun innflytjenda.

XVI. Áhrif fyrri tillagna.

80. Þessi tillaga kemur í stað tillögu um starfsþjálfun frá 1939, tillögu um iðnnám frá 1939 og tillögu um starfsþjálfun fullorðinna frá 1950.

Fylgiskjal VI.

Tillaga (nr. 118) um öryggisbúnað véla.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, saman komið til 47. þingsetu sinnar í Genf hinn 5. júní 1963, samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar,

hefur ákveðið að fallast á tiltekna ábendingar varðandi bann við sölu, leigu og notkun véla, sem eigi hafa nægilegan öryggisbúnagð, sem er 4. mál á dagskrá þingsins, og

þar eð þingið hefur ákveðið að leggja til að samþykkt verði tillaga hér að lútandi sem viðauki við Samþykktina um öryggisbúnað véla frá 1963, samþykkir þingið í dag, hinn 25. júní 1963, eftirfarandi tillögu, er nefnist Tillaga um öryggisbúnað véla frá 1963:

I. Framleiðsla, sala, leiga, hvers konar önnur afhending og sýning.

1. (1) Framleiðsla, sala, leiga svo og hverskonar önnur afhending og sýning á tilteknum gerðum véla, að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi stjórnvöld kunna að ákveða, ætli að vera hönnuð með ákvæðum laga eða reglugerða, eða á annan jafn áhrifaríkan hátt, þegar slíkar vélar, eins og þær eru skilgreindar í 1. grein Samþykktar um öryggisbúnað véla frá 1963, fela í sér, auk þeirra vélahluta, sem skilgreindir eru í 2. grein nefndrar samþykktar, vélahluta, er teljast mega hættulegir (við þann hluta vélarinnar, þar sem raunveruleg vinnsla fer fram) og eigi eru búnir hæfilegum öryggisbúnaði.
- (2) Við hönnun þeirra véla, sem um er að ræða, ætti að taka tillit til ákvæða tölulíðs (1) í þessari grein, og ákvæða 2. greinar.
- (3) Þær gerðir véla, sem vísað er til í tölulíð (1) ætti að skilgreina nánar í lögum eða reglugerðum, eða á annan jafn áhrifaríkan hátt.
2. Þegar skilgreindar eru vélar þær, sem ákvæði 1. greinar taka til, ætti að hafa eftirfarandi ákvæði í huga:
 - a. alla hreyfihluta véla, sem kunna að þeyta frá sér ögnum meðan þeir eru í gangi, ætti að búa nægilegum vörnum þannig að öryggi vélamanna sé tryggt;

- b. alla vélahluta, sem eru undir hættulegum rafmagnsþrýstingi, ætti að verja á þann hátt að það veiti starfsmönnum fullkomna vörn;
 - c. hvenær sem slíkt er mögulegt ættu sjálfvirkar varnir að vernda starfsmenn, þegar verið er að gangsetja vélar, þegar þær eru í gangi eða þegar verið er að stöðva þær;
 - d. vélar ættu að vera þannig úr garði gerðar að þær útiloki, eftir því sem mögulegt er, hvers konar hættu, aðra en þá, sem skilgreind er samkvæmt þessari grein, er steðja kann að þeim, sem við vélarnar vinna, og skal þá tekið tillit til þess hvers konar efni verið er að vinna og hvaða hættu um er að ræða
3. (1) Ákvæði 1. greinar taka ekki til véla eða vélahluta, sem skilgreindir eru í þeirri grein, og sem —
 - a. þannig eru úr garði gerðir að þeir mega teljast eins öruggir og væru þeir búnir hæfilegum öryggisbúnaði: eða
 - b. þannig á að setja upp eða koma fyrir að þeir vegna uppsetningar sinnar eða afstöðu mega teljast eins öruggir og væru þeir búnir hæfilegum öryggisbúnaði.
 - (2) Bann við framleiðslu, sölu, leigu eða annars konar afhendingu eða sýningu véla, sem kveðið er á um í 1. grein, tekur ekki til véla einungis sökum þess að þær eru þannig hannaðar, að kröfur þær, sem felast í nefndri grein, varðandi öryggisbúnað, séu ekki að öllu leyti uppfylltar, við framkvæmd viðhalds, smurningu, uppsetningu og stillingu þeirra, ef slíkt er hægt að framkvæma samkvæmt viðurkenndum öryggisreglum.
 - (3) Ákvæði 1. greinar banna ekki sölu eða annars konar afhendingu véla, sem koma á fyrir í geymslu, brjóta á upp eða endurbyggja, en hins vegar ætti ekki að selja slíkar vélar, leigja eða afhenda á nokkurn annan hátt, eða hafa þær til sýnis eftir að þær hafa verið í geymslu eða verið endurbyggðar, nema þær séu búnar öryggisbúnaði samkvæmt áðurnefndum ákvæðum.
4. Kvöð sú um að tryggja það að ákvæði 1. greinar séu haldin, ætti að hvíla á framleiðanda, seljanda, leigusala eða þeim, er lætur vélarnar af hendi á einhvern annan hátt, eða þeim, er sýnir þær, og þegar slíkt á við samkvæmt ákvæðum laga eða reglugerða, á umboðsmönnum þeirra hvers um sig.
 5. (1) Sérhvert aðildarríki getur kveðið á um undanþágu til bráðabirgða frá ákvæðum 1. greinar.
 - (2) Tímalengd slíkrar undanþágu til bráðabirgða, sem í engu tilviki ætti að fara fram úr þremur árum, og sérhver önnur skilyrði hér að lútandi, ættu að vera ákveðin með lögum eða reglugerð, eða á annan jafn áhrifaríkan hátt.
 - (3) Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að hafa samráð við aðalsamtök vinnuveitenda þeirra og vinnuþega, sem hlut eiga að máli, og samtök iðnrekenda, eftir því sem hæfilegt þykir.
6. Sérhver fyrirmæli um notkun véla ættu að byggjast á öruggum vinnuaðferðum.

II. Notkun.

7. (1) Notkun véla, sem þannig eru úr garði gerðar, að einhverjir hættulegir hlutar þeirra, þar með talinn sá hluti þeirra, þar sem hin eiginlega vinnsla fer fram, hafa ekki hæfilegan öryggisbúnað, ætti að vera bönnuð með lögum eða reglugerðum, eða komið í veg fyrir notkun þeirra með einhverjum öðrum jafn áhrifaríkum ráðstöfunum; þó að því tilskildu að ef slíku banni verður ekki að öllu leyti við komið án þess að útiloka notkun vélarinnar, þá ætti það að gilda að því marki sem notkun vélanna leyfir.
 - (2) Öryggisbúnaður véla ætti að vera þannig úr garði gerður að ekki brjóti í bága við reglur og stuðla um öryggi við vinnu og heilbrigðisvarnir.
8. Kvöð sú um að tryggja það að ákvæði 7. greinar séu haldin, ætti að hvíla á vinnuveitanda

9. (1) Ákvæði 7. greinar taka ekki til véla, eða vélahluta, sem þannig eru smíðaðir, þannig upp settir eða fyrir komið, að þeir eru jafn öruggir sem væru þeir búnir hæfilegum öryggisbúnaði.
- (2) Ákvæði 7. greinar og 12. greinar koma ekki í veg fyrir viðhald, smurningu, uppsetningu eða breytingu á vélum eða vélahlutum, sem framkvæmd er í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur.
10. (1) Sérhvert aðildarríki getur kveðið á um undanþágu til bráðabirgða frá ákvæðum 7. greinar.
- (2) Tímalengd slíkrar undanþágu til bráðabirgða, sem í engu tilviki ætti að fara fram úr þremur árum, og sérhver önnur skilyrði, sem þar að lúta, ætti að ákvarða með lögum eða reglugerð, eða með öðrum jafn áhrifaríkum aðgerðum.
- (3) Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að hafa samráð við aðalsamtök vinnuveitenda þeirra og vinnuþega, sem hlut eiga að máli.
11. (1) Vinnuveitandi ætti að gera ráðstafanir til þess að heina athygli vinnuþega að þeim lögum og reglugerðum, sem gilda um öryggisbúnað véla, og skal hann veita þeim fræðslu, eftir því sem þörf er á, um þá hættu, sem notkun véla getur haft í för með sér og hvaða varúðarráðstafanir þarf að hafa við í því sambandi.
- (2) Vinnuveitandinn ætti að koma á fót og halda uppi umhverfisaðstæðum, sem þannig eru úr garði gerðar að þær stofni ekki í hættu starfsmönnum þeim, sem vinna við vélar þær, er tillögur þessar taka til.
12. (1) Enginn starfsmaður ætti að mega nota nokkra vél, án þess að öryggisbúnaður sá, sem kveðið er á um, sé á sínum stað, og eigi ætti að krefjast þess af nokkrum starfsmanni að hann noti nokkra vél, án þess að öryggisbúnaður sá, sem kveðið er á um, sé á sínum stað.
- (2) Enginn starfsmaður, sem notar vél, ætti að mega gera þann öryggisbúnað, sem kveðið hefur verið á um, óstarfhæfan, og eigi ætti slíkur búnaður að vera gerður óstarfhæfur á nokkurri vél, sem einhver starfsmaður á að nota.
13. Framkvæmd þessara tillagna ætti engin áhrif að hafa á réttindi þau, sem vinnuþegar njóta samkvæmt almannatryggingum, eða samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.
14. Ákvæði þessa hluta tillagnanna, er taka til skuldbindinga vinnuveitenda og vinnuþega, ættu einnig að taka til þeirra, sem starfa hjá sjálfum sér, ef og að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi stjórnvöld ákveða.
15. Hugtakið „vinnuveitandi“ skal, að því er varðar ákvæði þessa hluta þessara tillagna, einnig ná til tiltekins umboðsmanns vinnuveitandans, þar sem slíkt samræmist gildandi lögum og reglugerðum.

III. Gildissvið.

16. Þessar tillögur taka til allra greina atvinnuveganna.

IV. Ýmis ákvæði.

17. (1) Gera ætti allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja framkvæmd á ákvæðum þessara tillagna. Slíkar ráðstafanir ættu að taka til svo nákvæmrar lýsingar, sem unnt er að gera á því með hvaða hætti hægt er að telja vélar eða ákveðna gerð véla búnar hæfilegum öryggisbúnaði, og sömuleiðis til ákvæða um fullnægjandi eftirlit og ákvæða um hæfilegar refsingar.
- (2) Sérhvert aðildarríki ætti að koma á fót hjá sér fullnægjandi eftirlitsþjónustu í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæða þessara tillagna, eða ganga úr skugga um að nægilegt eftirlit sé við haft.
18. (1) Aðildarríki, sem flytja vélar út eða inn, ættu að gera samkomulag, annað hvort við einstök ríki önnur, eða við fleiri ríki en eitt, um gagnkvæm samráð

- og samvinnu varðandi framkvæmd Samþykktar um öryggisbúnað véla frá 1963, og þessara tillagna að því er tekur til viðskipta, sem eru alþjóðleg í eðli sínu og varða sölu eða leigu véla.
- (2) Slíkt samkomulag ætti sérstaklega að ná til samræmis um reglur er lúta að öryggi og hreinlæti við vinnu, einkum að því er varðar vinnu við vélar.
 - (3) Þegar slíkt samkomulag er gert ættu aðildarríki að hafa til hliðsjónar fyrirmynd að reglum um öryggi á vinnustöðum og um reglur í rekstri fyrirtækja, sem Alþjóðavinnuáskrifstofan gefur út við og við, og sömuleiðis ætti að hafa til hliðsjónar stuðla alþjóðastofnana um stöðlun.
19. Lög eða reglugerðir, sem veita ákvæðum þessara tillagna gildi, ættu að vera sett af hlutaðeigandi stjórnvöldum í samráði við aðalsamtök þeirra vinnuveitenda og vinnuþega, sem hlut eiga að máli, og samtök iðnrekenda, eftir því sem við á.

Fylgiskjal VII.

Tillaga (nr. 119) um uppsögn af hálfu atvinnurekanda.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem kom saman til 47. þings í Genf hinn 5. júní 1963 samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, hefur samþykkt tilteknar ábendingar um uppsögn vinnu af hálfu atvinnurekanda, sem er 5. mál á dagskrá þingsins og þar sem það hefur ákveðið að ábendingar þessar skuli gerðar í tillöguformi, gerir þingið í dag hinn 26. júní 1963 svohljóðandi tillögu, sem nefnist Tillaga um uppsögn vinnu, 1963:

I. Framkvæmdahættir.

1. Tillögu þessari má framfylgja með lögum, reglugerðum, heildarsamningum, starfsreglum, úrskurðum gerðardóma eða dómstóla eða með hverjum þeim öðrum hætti, sem samrýmist venju, eftir því, sem við á í hverju landi.

II. Almenn ákvæði.

2. (1) Uppsögn úr vinnu ætti ekki að eiga sér stað nema fyrir liggi gild ástæða vegna hæfni eða framferðis verkamannsins eða hún byggist á rekstrarþörfum fyrirtækisins eða starfseminnar.
- (2) Skilgreining eða túlkun á slíkum ástæðum ætti að gerast með einhverjum þeim hætti, sem um ræðir í 1. gr.
3. Af ástæðum þeim, sem ekki teljast gildar til uppsagnar, eru m. a. þessar:
 - a. Aðild að stéttarfélögum eða þátttaka í starfsemi verkalýðsfélaga utan vinnutíma eða í vinnutíma með samþykki atvinnurekanda;
 - b. að verkamaður sækir um að verða, hafi verið eða sé trúnaðarmaður verkamanna;
 - c. að maður í góðri trú sendi kæru eða taki þátt í aðgerðum gegn atvinnurekanda vegna meints brots á lögum eða reglugerðum; eða
 - d. vegna kynþáttar, hörundslitar, kynferðis, hjúskaparstöðu, trúarbragða, stjórn-málaskoðana eða þjóðernislegs eða félagslegs uppruna.
4. Verkamaður, sem telur að sér hafi ranglega verið sagt upp vinnu, ætti að hafa rétt til að skjóta máli sínu innan hæfilegs tíma til stofnunar, er sett sé á fót samkvæmt heildarsamningum, eða til hlutlausrar stofnunar svo sem dómstóls eða gerðardóms, eða hliðstæðrar stofnunar, enda hafi málið ekki verið útkljáð á viðhlitandi hátt innan fyrirtækisins eða starfseminnar með þeim hætti, sem viðhafður er, eða tekinn hefur verið upp í samræmi við þessa tillögu.

Verkamaðurinn ætti að njóta aðstoðar manns, sem kæmi fram fyrir hans hönd, ef hann óskar þess.

5. (1) Stofnanir þær, sem um getur í 4. gr. ættu að hafa vald til þess að rannsaka ástæður þær, sem gefnar eru fyrir uppsögn úr vinnu og aðrar aðstæður í sambandi við málið og úrskurða gildi uppsagnarinnar.
- (2) Ákvæðin í tölulið (1) má ekki skýra á þann veg að hin hlutlausa stofnun hafi vald til þess að hafa afskipti af ákvörðunum um það, hversu mikið vinnuafli skuli vera í fyrirtæki eða starfsemi.
6. Ef stofnanir þær, sem um getur í 4. gr., komast að raun um að uppsögn vinnu hafi verið óréttmæt, ættu þær að hafa vald til þess að fyrirskipa að hlutaðeigandi verkamanni skuli greiddar hæfilegar skaðabætur eða honum veittar bætur, sem ákveðnar séu samkvæmt þeim aðferðum, sem um getur í 1. gr. eða honum veittar slíkar bætur, sem þannig séu ákveðnar, ef hann ekki er tekinn aftur í vinnu og honum greitt vangreitt kaup þar sem það á við.
7. (1) Verkamaður, sem sagt er upp vinnu, ætti að eiga rétt á hæfilegum uppsagnarfresti eða bótum í hans stað.
- (2) Meðan uppsagnarfrestur er að líða ætti verkamaðurinn, eftir því sem við verður komið, að eiga rétt á því að fá hæfilegt frí frá störfum, án frádráttar á kaupum til þess að leita sér annarrar atvinnu.
8. (1) Verkamaður, sem hefur verið sagt upp vinnu, ætti að eiga rétt á því, er hann hættir störfum, að fá samkvæmt beiðni vottorð frá atvinnurekandanum þar sem tekið sé fram hvenær hann hóf vinnu og hvenær hann hætti og hvers konar störf hann hafi unnið.
- (2) Í slíkt vottorð má ekki setja neitt, sem er óhagstætt verkamanninum.
9. Sjá ætti fyrir einhvers konar kauptryggingu fyrir verkamenn, sem sagt hefur verið upp vinnu. Slík trygging getur verið fölgin í atvinnuleysistryggingu eða annars konar félagslegum tryggingum, greiðslum vegna uppsagnar eða öðrum þess háttar greiðslum frá atvinnurekanda eða samanlögðum styrkjum eftir lögum, reglugerðum eða heildarsamningum og reglum atvinnurekandans um starfsmannahald.
10. Um það hvort atvinnurekendur skuli hafa samráð við fulltrúa verkamanna áður en endanleg ákvörðun er tekin í einstökum tilfellum um að láta mann hætta störfum, skal farið eftir framkvæmdareglum þeim, sem getur í 1. gr.
11. (1) Þegar um er að ræða uppsögn vegna alvarlegs misferlis þarf ekki að veita uppsagnarfrest eða bætur fyrir hann og atvinnurekandanum er heimilt að halda eftir þeim greiðslum, sem inntar eru af hendi við brottför úr starfi.
- (2) Uppsögn vegna alvarlegs misferlis ætti einungis að eiga sér stað þegar ekki er hægt að búast við því af atvinnurekanda í góðri trú, að hann tæki til annarra ráða.
- (3) Líta ætti svo á að atvinnurekandi hafi glatað rétti sínum til uppsagnar vegna alvarlegs misferlis ef hann hefst ekki handa um uppsögn innan hæfilegs tíma frá því er hann fékk vitneskju um hið alvarlega misferli.
- (4) Líta ætti svo á að verkamaður hafi glatað rétti sínum til þess að áfrýja uppsögn vegna alvarlegs misferlis, ef hann hefur ekki áfrýjað innan hæfilegs tíma frá því er honum var birt uppsögnin.
- (5) Áður en uppsögn vegna alvarlegs misferlis kemur til framkvæmda, ætti verkamaðurinn að eiga kost á því að gefa þegar skýrslu um málið og njóta til þess aðstoðar manns, sem kemur fram fyrir hans hönd, þar sem það á við.
- (6) Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar ætti skilgreining eða túlkun á „alvarlegu misferli“ og ákvörðun á „hæfilegum tíma“ að fara eftir reglum 1. gr.

III. Viðbótarákvæði um fækkun starfsliðsins.

12. Allir hlutaðeigandi aðilar ættu að gera þær ráðstafanir, sem við eiga, til þess að komast hjá eða takmarka eins og mögulegt er fækkun starfsfólks án þess að það skaði rekstur fyrirtækisins.
13. (1) Þegar ráðgert er að fækka starfsliði, ætti sem allra fyrst að hefja viðræður við fulltrúa verkamanna um öll atriði í því sambandi.
 (2) Þau atriði, sem viðræður ættu að fara fram um, geta tekið til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir fækkun, takmörkunar á yfirvinnu, þjálfunar og endurþjálfunar, flutninga milli deilda, skiptingar uppsagna á tiltekið tíma- bil, ráðstafana til þess að draga úr afleiðingum fækkunarinnar á hlutað- eigandi verkamenn og vals þeirra starfsmanna sem fækkunin bitnar á.
 (3) Þegar slíkar viðræður eiga sér stað, ættu báðir aðilar að hafa það í huga að til kunna að vera opinber stjórnvöld, sem aðstoðað gætu aðila í þessum viðræðum.
14. Ef fyrirhuguð fækkun starfsliðs er í svo stórum stíl að hún hefur veruleg áhrif á vinnumarkaðinn á tilteknu landsvæði eða í tiltekinni atvinnugrein, ætti at- vinnurekandinn að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvöldum fyrirfram um slíka fækkun.
15. (1) Val þeirra starfsmanna, sem fækkun starfsliðs bitnar á, ætti að fara eftir ákveðnum reglum, sem æskilegt er að settar séu fyrirfram ef unnt er og séu miðaðar við hagsmuni fyrirtækisins eða starfseminnar og verkamann- anna.
 (2) Í þessum reglum ætti að taka tillit til eftirfarandi atriða:
 a. þarfa samhæfs rekstrar fyrirtækisins eða starfseminnar;
 b. hæfni reynslu og starfsþekkingar einstakra starfsmanna;
 c. starfstíma;
 d. aldurs;
 e. heimilisástandna; eða
 f. annarra atriða, eftir því sem við á í hverju landi.
 Hversu mikil áherzla lögð er á hvert þessara atriða, fer eftir venju í hverju landi.
16. (1) Verkamenn, sem sagt hefur verið upp vinnu vegna fækkunar starfsliðs, ættu að hafa forgangsrétt, eftir því sem við verður komið, til þess að verða ráðnir aftur í vinnu, þegar atvinnurekandinn ræður verkamenn á ný.
 (2) Slíkan forgangsrétt til endurráðningar má takmarka við ákveðinn tíma. Þar sem það á við, ætti réttur byggður á starfsaldri að vera ákveðinn í samræmi við lög eða reglugerðir, heildarsamninga eða á annan hátt, sem við á í hverju landi.
 (3) Endurráðning ætti að fara fram á grundvelli reglnanna í 15. grein.
 (4) Kauptaxtar endurráðinna verkamanna ættu ekki að skerðast vegna tíma- bundinna slita á starfstíma verkamanna og sé tekið tillit til mismunarins á fyrri störfum og þeim störfum, sem þeir eru endurráðnir til og hverra þeirra breytinga, sem orðið hafa á kaupum í fyrirtækinu eða starfseminni.
17. Færa skal sem mest í nyt starfsemi ráðningarstofnana eða annarra stofnana, til þess að tryggja, eftir því sem unnt er, að verkamenn, sem hætt hafa störfum vegna fækkunar starfsliðs, komist þegar í aðra vinnu.

IV. Gildissvið.

18. Tillaga þessi tekur til allra greina atvinnulífsins og allra verkamanna. Þó má undanskilja eftirtalda flokka verkamanna ákvæðum tillögunnar:
 a. verkamenn, sem ráðnir eru til ákveðins tíma eða tiltekens verks, þegar þannig hagar til að eðli starfsins, sem unnið er, er þannig að það getur ekki staðið ótiltekinn tíma;

- b. verkamenn, sem eru á reynslutíma, sem ákveðinn er fyrirfram og tekur yfir verulegan tíma;
 - c. laust ráðna verkamenn, sem ráðnir eru til skamms tíma, og
 - d. opinbera starfsmenn, sem vinna að stjórnarstörfum, en þó einungis að svo miklu leyti, sem stjórnлагаákvæði útiloka að eitt eða fleiri ákvæði þessarar tillögu taki til þeirra.
19. Í samræmi við regluna í 8. tl. 19. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar skerðir þessi tillaga ekki nein þau ákvæði, sem eru verkamönnum hagstæðari en þau, sem felast í þessari tillögu.
20. Tillaga þessi telst vera framkvæmd varðandi verkamenn, ef vinnukjör þeirra fara eftir lögum eða reglugerðum, enda veiti þau hlutaðeigandi verkamönnum skilyrði, sem í heild séu a. m. k. jafn hagstæð eins og ákvæði þessarar tillögu í heild.

100

100

100

100